KÓREU

SKÝRSLAN

BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍK

Útgefandi
Menningar- og friðarsamtök íslenzkra kvenna
1951

ÁVARP

Íslenzka þjóðin hefur fram að þessu borið gæfu til að standa utan við hryðjuverk og hörmungar styrjalda. Því er henni oft um megn að leggja trúnað á það, hve mikil grimmdin og mannvonzkan er sumstaðar í heiminum.

Skýrsla sú, sem hér fer á eftir og undirrituð er af 10 konum frá 17 löndum heims, er, því miður, óvéfenganleg heimild um það, sem nú er að gerast í Kóreu, á ábyrgð og í nafni Sameinuðu Þjóðanna.

Íslendingar eiga sinn fulltrúa á þingi S. Þ. og hefur hann ekki mótmælt, heldur greitt atkvæði með þeim aðgerðum, sem leitt hafa slíkar hörmungar mannúðarleysis og grimmdar yfir kóreönsku þjóðina.

Ábyrgðin á hryðjuverkunum, sem þarna er framin, hvílir því einnig á íslenzku ríkisstjórninni.

Konurnar, sem fóru til Kóreu, hættu oft lífi sínu til þess að kynna sér af eigin sjón og reynd, hvað þar er að gerast. Þær hafa síðan, — þrátt fyrir ofsóknir og jafnvel hótanir — gert allt, sem þær hafa getað, til þess að fá þeirri ógnaröld létt af, sem nú ríkir í Kóreu.

Kóreuskýrslan er hrópandi rödd þeirra manna, sem horft hafa á börn sín og ættingja myrta á hinn hryllilegasta hátt í nafni Sameinuðu Þjóðanna, — hrópandi rödd til allra þjóða heims um frið á jörðu.

SKÝRSLA

sendinefndar Alþjóðasambands lýðræðissinnaðra kvenna, er send var til að kynna sér ofbeldi og hryðjuverk unnin af hermönnum Bandaríkjanna og Syngman Ree í Kóreu

Alþjóðasamband lýðræðissinnaðra kvenna beitti sér fyrir því, að send yrði nefnd til þess að kynna sér ofbeldi og hryðjuverk unnin af hermönnum Bandaríkjanna og Syngman Rhee í Kóreu.

Konurnar í þessari nefnd eru fulltrúar ýmissa kvenfélaga og kvennasamtaka í sautján löndum Evrópu, Asíu, Ameríku og Afríku.

Meðlimir nefndarinnar eru þessar konur:

Nora K. Rodd. Kanada. Formaður nefndarinnar.
Liu Ching-yang. Kína. Varaformaður.
Ida Bachmann. Danmörk. Varaformaður.
Miluse Svatosova. Tékko-Slóvakía. Ritari.
Trees Soenito-Heyligers. Hollandi. Vararitari

Monica Felton. Englandi. Maria Ovsyannikova. Ráðstjórnarríkjunum. Bai Lang. Kína. Li Keng. Kína. Gilette Ziegler. Frakklandi. Elisabetta Gallo. Ítalíu. Eva Priester. Austurríki. Hilde Cahn. Austur-þýzka lýðveldinu. Lilly Waechter. Vestur-Þýzkalandi. Dr. Germaine Hannevard. Belgíu. Li-thi-Qué. Viet-Nam. Candelaria Rodriguez, LL. D. Kúbu. Leonor Aguiar, LL. D. Argentínu. Fatma Ben Sliman. Túnis. Abassia Fodil. Alsír. Kate Fleron Jocobson. Danmörk. Áhorfandi.

Vér nefndarkonur frá ýmsum löndum, af ýmsum þjóðernum og mismunandi trúarflokkum, með ólíkar stjórnmálaskoðanir, nokkrar meðlimir ólíkra stjórnmálaflokka, aðrar utanflokka, við, sem valdar höfum verið til þessarar farar áttum allar eitt sameiginlegt, einn rauðan þráð, sem batt okkur saman, það, að segja sannleikann og ekkert annað en sannleikann um það er á vegi okkar varð, skýra konum þeim er kjöru okkur til þessarar farar og öllum friðelskandi almenningi heimsins frá þeim staðreyndum er við höfum séð.

Allt það, sem sagt er frá í þessari skýrslu eru staðreyndir, sem meðlimir nefndarinnar hafa sjálfir skráð persónulega.

Staðreyndirnar eru byggðar upp af því er nefndarkonur sáu sjálfar, eða öfluðu sér heimilda um meðal opinberra skýrslna, hjá embættismönnum er sjálfir voru sjónarvottar, og hjá almenningi er nefndarkonur töluðu við.

Skýrslan sjálf var fullgerð og undirrituð á tímabilinu frá 16. — 27. maí á Kóreönsku landi einhversstaðar nálægt Phyongyang.

FYRSTI KAFLI

Nefndin heimsótti bæinn Sinyju á landamærum Kína og Kóreu. Þessi bær má heita gjöreyddur því þau fáu hús, sem enn eru uppistandandi eru algerlega ónýt. Bærinn hefur oft orðið fyrir loftárásum, en mestu skemmdunum ollu loftárásirnar, sem gerðar voru, nóttina 8. nóv. og þ. 10 og 11. s. m. Daginn, sem nefndin kom til Sinyju var þrisvar sinnum gefið loftvarnamerki.

Samkvæmt opinberum skýrslum frá bæjarráði Sinyjuborgar, voru íbúar borgarinnar í júlí 1950, 126 þúsund. Vinnustaðir og heimili þessara íbúa voru í 14 þúsund húsum. Nefndin aflaði sér upplýsinga um það, að borgin hafði enga þá framleiðslu er talist gæti hernaðarvara. Þar var aðeins um léttan iðnað að ræða: allskonar vinnsla úr sojabaunum, skógerð, saltvinnsla, eldspítnagerð og matprjónar.

Þann 8. nóv. 1950 réðust 100 flugvélar úr hinum svokölluðu UNO hersveitum í Kóreu, á borgina og köstuðu á hana sprengjum. Í þessari árás voru 2100 hús — af 3017 — eign ríkis og bæjar, eyðilögð. Af 11 þúsund íbúðum borgarinnar voru 6800 eyðilagðar. Meira en fimm þúsund íbúar voru drepnir, þar af voru fjögur þúsund konur og börn.

Af 17 barnaskólum borgarinnar voru 16 lagðir í rústir og 12 af 19 framhaldsskólum, þessar byggingar voru eyðilagðar með eldsprengjum.

Af 17 kirkjum ýmissa trúflokka voru aðeins tvær uppistandandi.

Eldsprengjum varð varpað á tvö sjúkrahús og þau eyðilögð, þrátt fyrir það, að þau voru greinilega merkt samkvæmt alþjóðareglum, rauðakrossmerkinu. Nefndarkonur fundu sjálfar í rústum sjúkrahúsanna, hluta af þakinu og sást þar greinilega hvernig þakið hafði verið merkt.

Í öðru sjúkrahúsinu brunnu 26 sjúklingar inni.

Nefndin aflaði sér upplýsinga um eftirfarandi: Stór sprengja hitti mótmælendakirkjuna og fórust þar 250 manns. Þrjátíu mæður og börn voru drepin er þau leituðu skjóls í sprengjuárás á almenningsmatsöluhúsið, sem þau voru í er árásin hófst. Í fjölmennasta verzlunarhverfinu fórust 2500 manns. Alls særðust 3155 manns í **Sinyju** í þessari loftárás, þ. e. 8. nóv. 1950. Nefndin

rannsakaði sprengjubrot, sem fundust í rústunum og voru þau með þessum merkjum:

Amn. Lot RN 14—29, Shell MJ For M2 a MFL I Lot—GL—2 — 116 1944 MJBCA 2 ACT 464.

Yfirgnæfandi meirihluti íbúanna býr í allskonar byrgjum, sem hrúgað hefur verið upp úr allskonar braki úr rústunum. Sumir búa í kjallararústum, sem þeir hafa reft yfir, aðrir í tjöldum, sem þeir hafa reist á húsagrunnum og sumir hafa komið sér upp kofum úr timburbraki.

Meðlimir nefndarinnar heimsóttu einn þessara kofa. Í honum bjó fjölskylda **Kvon Mun Su.** Fjölskyldan var: faðir, móðir og þrjú lítil börn. Kofinn var þiljaður í tvennt, annar helmingurinn notaður til svefns, hinn til matreiðslu. Svefnherbergið var 3x2 en eldhúsið 1,5x3 metrar. Fjölskylda þessi var talin mjög lánsöm vegna þessa mikla húsnæðis og svo átti hún þar að auki eitt teppi.

Rannsókn leiddi í ljós, að í þremur stærstu árásunum voru aðallega notaðar íkveikjusprengjur, en samt átti nefndin erfitt með að skilja hversu eyðileggingin var alger. Með því að spyrjast fyrir meðal almennings og leita upplýsinga hjá bæjaryfirvöldunum, fékkst þetta atriði upplýst. Öllum bar saman um, sem við var rætt um þetta atriði, að þegar fyrsta hryðjan af íkveikjusprengjunum féll á borgina og íbúarnir hlupu út á götuna til þess að slökkva eldana, þá voru þeir drepnir með vélbyssuskothríð frá flugvélunum, sem flugu yfir borgina og skutu á fólkið, sem vann að slökkvistarfinu. Borgin brann því til ösku án þess nokkrum vörnum yrði við komið, svo algerlega sáu vélbyssuskyttur flugvélanna um sitt hlutverk.

Chang Yun Cha, ein af íbúum borgarinnar, sagði frá því, að bæði faðir hennar og eiginmaður voru drepnir af vélbyssuskyttum flugvéla, sem flugu lágt yfir borginni. Þeir urðu fyrir skothríðinni er þeir voru að sækja vatn til þess að slökkva með eldinn í húsi þeirra, sem kviknað hafði í af eldsprengju.

Önnur kona **Kim In Tan,** sagði frá því, hvernig hún missti þrjú barnabörn og dóttur sína í loftárásinni þ. 8. nóv.

Börnin voru drepin með vélbyssuskothríð frá flugvél, er þau flúðu út úr brennandi húsinu. Dóttir hennar, móðir barnanna, var drepin er hún var að bjarga yngsta barninu sínu úr eldinum.

Enn fremur sagði **Kim Hon Yon** frá því, er kona hans var drepin með vélbyssuskothríð er hún flúði út úr húsinu eftir að kviknað hafði í því af eldsprengju.

Á leið sinni frá Sinyju til Phyongyang sá nefndin með eigin augum að allar borgir og bæir, sem leið þeirra lá um voru gjöreyddar. Helstu borgirnar voru: Namshi, Chengchu, Anju, Sukchen, og Sunan. Flest öll þorpin voru sömuleiðis jöfnuð við jörð.

Þessi skýrsla var undirrituð af öllum meðlimum nefndarinnar þó 18. maí, 1951.

ANNAR KAFLI

Nefndin kom til Pyongyang, bráðabirgðarhöfuðstaðar Kóreanska lýðveldisins. Fyrir stríð voru íbúar borgarinnar 400 þúsund. Þar var mikið af nýtísku byggingum úr steinsteypu og múrsteini, mikið af sambyggðum íbúðarhúsum og af rústum þeirra má sjá að þau hafa verið útbúin nútímaþægindum. Einnig var mikið af verksmiðjum í borginni. Iðnaðarframleiðsla þeirra var að mestu vefnaðarvara, matvæli, tóbak, vín, bjór, og tilbúinn áburður.

Meðal helstu stórhýsa borgarinnar voru óperuhús, 9 leikhús, 20 kvikmyndahús. Nýtísku háskóli, byggður eftir 1945 og fullbúinn kennslutækjum. Einnig 73 barnaskólar, 20 framhaldsskólar, 6 æðri skólar og 4 iðnskólar, 20 kvöldskólar fyrir fullorðna og stór verkfræðiháskóli, sem var næstum fullgerður þegar stríðið brauzt út.

Þessi borg er nú í rústum. Gamli hlutinn má heita jafnaður við jörð, en á stöku stað sjást hálfhrundir útvegggir skaga upp úr rústunum. Sumstaðar í yngri borgarhlutanum sjást útveggir fyrverandi stórhýsa gnæfa upp úr eins og risavaxnar beinagrindur, víða er ekki annað eftir af þessum húsum en lágir grunnarnir, sem standa upp úr gjallhaugunum sem þögult vitni um hvar þessi hús eitt sinn báru við loft. Ennfremur hefur fjöldi kirkna verið eyðilagðar og öll sjúkrahús borgarinnar jöfnuð við jörð.

Nefndarmenn skoðuðu rústir stærsta barnaskólans í borginni. Á einum útveggjanna sást skrifað með krít: „**Til afnota fyrir 77** unda stórskotaliðið". Nefndarmenn öfluðu sér vottfestra heimilda **unda stórskotaliðið".** Nefndarmenn öfluðu sér vottfestra heimilda um það, að Ameríkumenn eyðilögðu 80% borgarinnar áður en þeir fóru úr henni. (Það er sérstaklega eftirtektarvert, að Ameríkuyfirgáfu borgina bardagalaust og framkvæmdu eyðingu borgarinnar eftir fyrirfram gerðri áætlun). Eyðing borgarinnar er nú 100%. Þrátt fyrir það er stöðugt haldið áfram loftárásum á borgina. Daginn, sem nefndin dvaldi í borginni voru fimm sinnum gefin loftvarnarmerki og sama daginn sprungu þrjár tímasprengjur, er féllu á borgina viku áður. Sprengjurnar sprungu með tíu mínútna millibili skammt frá þeim stað er nefndin sat á fundi með fulltrúum ýmsra félagssambanda borgarinnar.

Nefndin fékk tækifæri til þess að afla sér upplýsinga um sumar af þeim aðferðum, sem notaðar voru við eyðileggingu borgarinnar. Borgin hafði legið undir stöðugum loftárásum ameríska flugvéla frá stríðsbyrjun. Ein mesta loftárásin var gerð þ. 3. jan. 1951. Þá gerðu 80 AMERICAN B29 sprengjuárás á borgina. Þær komu í öldum með 15-20 mínútna millibili að kvöldi þess 3. jan. og héldu árásunum áfram til hádegis næsta dag. Árásin hófst með íkveikjusprengjum en á eftir þeim var varpað niður sprengjum, sem fólkið lýsti sem stórum loftbelgjum, fylltum með olíu. Næst kom svo demba af háþrýstisprengjum en eftir þeim komu svo aftur íkveikjusprengjur ásamt stórum tímasprengjum. Eldarnir, sem íkveikju- og tímasprengjurnar ollu komu í veg fyrir að íbúarnir gætu komið við nokkurri björgunarstarfi, hvorki á fólki né eigum sínum. Óteljandi fjöldi íbúanna grófst undir rústunum og þar sem ekkert var hægt að gera til þess að grafa það út þá kafnaði fólkið undir brakinu. Enn þá er ógrafið í fjölda rústa eftir líkum þeirra, er þannig fórust.

Meðal þeirra húsa, er eyðilögð voru 3. og 4. janúar, voru því sem næst öll sjúkrahús borgarinnar. Sjúkrahúsin voru með flötum þökum og á þau málaður rauði krossinn, merkið var talið sýnilegt í 6-8 þúsund metra hæð. Hvert þessara sjúkrahúsa hafði orðið fyrir a. m. k. einni sprengju er hitt hafði fullkomlega í mark. Nefndarmeðlimir skoðuðu rústir **Regional**-sjúkrahússins og athuguðu þrjá stóra sprengjugígi í rústum hússins. Tveir þeirra voru 4 metra djúpir en einn þeirra 7 metrar á dýpt. **Central**-sjúkrahúsið var eyðilagt af sprengjuflugvélum, sem lækkuðu flugið niður í 30 metra yfir húsinu áður en þær vörpuðu sprengjunum.

Eins og áður er getið, þá voru ekki öll húsin eyðilögð í loftárásum. Fjöldi bygginga var sprengdur í loft upp með dynamitsprengjum eða Ameríkumennirnir kveiktu í þeim um leið og þeir yfirgáfu borgina. Á meðal þeirra bygginga er þannig voru eyðilagðar voru: **Kim Ir Sen-háskólinn. Framhaldsskóli fyrir drengi, óperuhúsið, borgarstofnanir, flestar matvælaverksmiðjurnar og allar stjórnarbyggingarnar.** Ennfremur kveiktu Ameríkumenn í öllum strætisvögnum borgarinnar um leið og þeir yfirgáfu hana og sprengdu upp vatnsleiðsluna og nokkrar samgöngubrýr.

Skammt fyrir utan borgina sáu nefndarmenn rústirnar af hinu fræga Buddahofi, **Yen Myen Sa,** sem stendur á hæð einni með yndisfagurt útsýni yfir ána. Hof þetta, sem verið hefur helgistaður Kóreubúa síðustu aldirnar er nú gereyðilagt eftir sprengjuárásir. Hofið stendur á opnu svæði, þannig, að það er erfitt að ímynda sér að sprengjuvarpararnir hafi ætlað sér að hitta nokkurn annan stað en einmitt þennan. Samkvæmt umsögn sjónarvotta var musterið óskemmt þegar ameríkumenn viku úr Pyongyang í des. 1951. En 3. jan. 1951 gerðu amerískar

sprengjuflugvélar árás á musterið og heltu yfir það háþrýstisprengjum, íkveikjusprengjum og hylkjum, sem fyllt voru eldfimum efnum. Nefndin heimsótti einnig merkasta fornminjasafn borgarinnar. Það hafði verið rænt flestum dýrgripum sínum, meðal annars tveimur Búddalíkneskjum, sem voru meira en tvö þúsund ára gömul, en sjálf byggingin hafði sloppið við eyðileggingu. Hr. **Ri Ye Beng,** hinn merki fornminjafræðingur, sýndi nefndarkonum langan lista yfir þá muni, sem stolið hafði verið úr safninu. Hann sýndi þeim einnig, að það eina, sem Ameríkumenn skyldu eftir í safninu, voru handlitaðar eftirmyndir af ómetanlegum „Fresco"-málverkum, sem fundizt höfðu í þrjátíu fornum jarðhúsum í Norður-Kóreu Ameríkumenn notuðu sex af þessum jarðhúsum sem pyntingarklefa fyrir Kóreanskar konur. Þegar þeir yfirgáfu þessar stöðvar sprengdu þeir jarðhúsin í loft upp og eyðilögðu með því frummyndir veggjanna.

Nefndin fékk hvað eftir annað upplýsingar um hvernig almennir borgarar voru strádrepnir með vélbyssuskothríð frá flugvélum, sem flugu lágt yfir borgina. (Nefndarkonur sáu sjálfar amerískar flugvélar fljúga yfir landinu og skjóta af vélbyssum á bændurna, sem unnu að ökrum sínum. Þetta var nokkur hundruð kílómetra að baki víglínunnar og langt frá öllum hernaðarstöðvum).

Er nefndarkonur gengu um rústir Pyongyang sáu þær fjöldann allan af kúlnabrotum frá flugvélabyssum, einnig fundu þær leyfar nýrra eyðingarvopna. Eitt þeirra er sprengja, sem er þannig gerð, að þegar hún nálgast mannvirki þá spryngur hún ekki, heldur spýtist úr henni vökvi, sem límist jafnt við stein, járn og tré og brýst svo út í logandi bál um leið og það snertir eitthvað annað efni.

Einnig var gerð grein fyrir notkun olíuhylkja. Nefndin rannsakaði leyfar af slíku vopni. Það var um 3 metra langt, 1 meter á lengd, mjórra í annan endan, þar um 50 cm. á breidd. Merkin á sprengjubrotunum voru lítt læsileg. Nefndin fékk upplýsingar um, að þessar sprengjur voru ekki einungis notaðar á Phongyang og aðrar borgir, heldur voru þær einnnig notaðar af ameríkumönnum síðastliðið haust — 1950 — var þeim þá varpað á akrana um uppskerutímann og uppskeran þannig eyðilögð og á þann hátt unnið óbætanlegt tjón á matvælum þjóðarinnar.

Tímasprengjurnar, sem minnst var á áður, virðast einnig vera af nýrri gerð, þannig, að ógerlegt er að finna hvellhettuna svo ekki er hægt að gera sprengjuna óvirka þótt hún finnist ósprungin. Nefndarmeðlimirnir fundu einnig sprengjubrot, sem bar merkin „High Explosive. GB 5143" Musterið **Ho Ran Bon** var jafnað við jörð með sprengjum af þessari gerð.

Þeir, sem eftir lifa í Poyngang hafast að mestu við í neðan-

jarðarhreysum eða í skýlum, sem þeir hafa hróflað upp úr spítnabraki ýmist í húsagrunnum eða upp við hálfhrunda veggi. Nefndarkonur skiftu sér í fjóra hópa og fóru í leiðangursferð um borgina og engin þeirra sá á sinni ferð svo mikið sem eitt einasta hús, sem stæði uppi með fjóra útveggi og þak. Hóparnir rákust á margar fjölskyldur, sem bjuggu í rústunum. Ein þeirra var fjölskylda **Kang Bok Sen,** fimm manns, hjónin, þriggja ára barn og annað átta mánaða gamalt. Fjölskylda þessi hafðist við í jarðhúsi í rústum byggingar þeirrar, þar sem áður var aðalbækistöðvar Sambands lýðræðissinnaðra kvenna í Phyongyang. Jarðhús þetta eða gryfja mældist 1x2 metrar og til þess að komast inn varð að skríða eftir þröngum gangi þrjá metra niður í jörðina. Þegar niður kom, voru veggirnir svo lágir, að fullorðinn maður gat ekki staðið uppréttur. Nefndin sannfærðist um að þessi húsakynni voru engin undantekning, heldur einmitt mjög almenn, þannig bjuggu flestir.

Dóttir **Kang Bok Sens,** sem einnig bjó í þessari gryfju, skýrði nefndinni svo frá: Ameríkumenn gerðu Óperuhúsið og þar nærliggjandi hús að pútnahúsi fyrir herinn. Þangað fluttu þeir með valdi þær ungar stúlkur, sem þeir fundu og einnig drógu þeir þangað inn þær konur, sem þeir fundu á götunni. Þar sem hún sjálft óttaðist að hljóta sömu örlög og þessar konur, þá faldi hún sig í fjörutíu daga í gryfjunni þeirra. Eiginmanni vinkonu hennar var misþyrmt af ameríkumönnum vegna þess að hann faldi konu sína fyrir þeim.

Kwon Son Don, 66 ára gamall verkamaður í Pyongyang, búsettur annars staðar í borginni, staðfesti það, að Óperuhúsið hefði verið notað sem hóruhús.

Fjöldi annarra íbúa Pyongyangborgar gáfu skýrslu um ofbeldis- og hryðjuverk ameríkumanna.

Kim Sun Ok, 37 ára, fjögurra barna móðir, segir svo frá:

Eftir að maður hennar og börnin öll höfðu verið drepin í loftárás þ. 3. júlí 1950, flúði hún til þorpsins Song San Ri. Þar var hún áhorfandi að því, er ameríkumenn drápu 37 manns, þar á meðal ritara kvenfélagsins á staðnum. Ritarinnn var dreginn áfram nakinn eftir götum þorpsins og loks drepin með því að reka glóandi járnfleyn inn í leggöng hennar. Barn hennar, lítill drengur, var grafinn lifandi.

Skýrsla þessi var undirrituð af öllum meðlimum nefndarinnar þ. 21. maí 1951.

ÞRIÐJI KAFLI

Nokkrir meðlimir nefndarinnar heimsóttu borgirnar **Anak** og **Sinchen.** Þær, sem fóru voru eftirtaldir fulltrúar:

Eva Priester, Austurríki.
Li Keng, Kína.
Candelaría Rodriguez, Kúbu.
Nora K, Rodd, Kanada.
Maria Ovsyannikova, Ráðstjórnarríkjunum.
Monica Felton, Englandi.

Fulltrúarnir fengu sannanir fyrir því, að í **Wang Hai**-héraði höfðu 120 þúsund manns verið myrtir af innrásarherjunum fyrir utan þá, sem fórust í loftárásum. Í Anak höfðu 19092 verið drepnir af hersveitum Bandaríkjamanna, Breta og Syngman Rhee.

Fulltrúarnir komu í eitt hús, sem hafði verið vörugeymsluhús Bændabankans, fyrir stríðið, en Ameríkumenn breyttu því í fangelsi. Húsinu var skift niður í sex klefa, hver klefi 3×4 metrar á stærð. Vitni báru það, að iðulega var föngunum hrúgað svo inn í þessa klefa, að það var gersamlega ómögulegt fyrir fangana að setjast niður.

Bændakona, **Han Nak Son,** til heimilis í **Sun San Ri-götu 194** gaf fulltrúunum eftirfarandi upplýsingar: Maður hennar, **Kim Bon Quan** og bróðir hans, **Kim Bon Kyon** voru handteknir 10. nóv. 1950 og settir í þetta fangelsi. Handtakan var framkvæmd af tveimur amerískum hermönnum, í fylgd með þeim voru fjórir hermenn úr liði Syngman Rhee. Sjálf hljóp hún á burt og faldi sig. Hún fullyrti einnig, að bæði maður hennar og mágur og allir aðrir fangar í þessu fangelsi, hefðu verið annaðhvort verkamenn eða bændur og enginn þeirra neinskonar embættismaður né heldur meðlimir verkalýðsfélaga. Börnin voru tekin með mæðrum sínum og sett í þetta fangelsi, sum þeirra ekki eldri en tveggja ára. Fangarnir voru lokaðir inni í hálfan mánuð og stöðugt barðir með járnstöngum. Fulltrúarnir fengu upplýsingar um að barsmíðar þessar voru framkvæmdar af hermönnum úr liði Syngman Rhee, undir stjórn amerískra liðsforingja. Hinn 25. nóv. 1950 voru allir fangarnir reknir upp í hæðirnar og grafnir þar lifandi í fjöldagröf, konur og börn ekki undantekin.

Annað vitni, miðaldra maður, **Kim San Yen** að nafni til heimilis að **Se San Ri-götu 172** sagði, að öll fjölskylda hans, tólf manns, hefðu verið handtekin, þar á meðal kona hans, sonur, tengdadóttir og tveggja ára barn þeirra. Í fyrstu gat hann ekki komizt að því, hvað orðið hafði um þau, en síðar frétti hann að það hafði verið farið með þau upp í hæðirnar og þau drepin þar. Þegar borgin hafði verið frelsuð leitaði hann að líkunum og fann líkið af tengdadóttur sinni og syni hennar. Hvorugt líkið bar neina áverka og þessvegna áleit hann að þau hefðu verið grafin lifandi. Barnið var bundið við móðurina með kaðli. Hann hélt því fram, að sonur hans, sem var verkamaður í ríkisverksmiðjunum, hefði verið tekinn til fanga vegna þess, að hann var í flokki áhugaverkamanna. Sjálfur var hann handtekinn 18. okt. en látinn laus 29. okt. Hann sagði fulltrúunum, að hann hefði alltaf verið trúaður maður og hefði búizt við því, að Ameríkumenn, sem voru kristin þjóð, myndi koma vel fram. Hann hafði ekki getað látið sér til hugar koma, að þeir, sem kristnir menn, gætu gert sig seka um slík hryðjuverk.

Þá heimsóttu fulltrúarnir annað fangelsi og fengu þar svipaðar upplýsingar, fangaklefarnir án sætis eða rúms. Fulltrúunum var sýnt áhald, sem notað var til þess að berja fangana með og þekktu þeir að það var venjuleg hermanna baseballkylfa. (Kylfan var tekin með sem sönnunargagn). Blóðslettur sáust mjög greinilega á gólfinu í ganginum fyrir framan klefana.

Kona, að nafni **Shoy Um Bok, San Nai Ri-götu 187** sagði frá því, að maður hennar og sonur voru lokaðir inni í þessu fangelsi og síðar drepnir. Tengdadóttir hennar var barin svo mjög, að hún var enn rúmföst.

Pak Chan Oi, níu ára drengur sagði fulltrúunum frá því, að faðir hans hefði verið drepinn. Hann hét **Pak Pyan Su,** 46 ára gamall. Þegar drengurinn var spurður að því, hverjir hefðu myrt föður hans, svaraði hann: „Ameríkanar". Drengurinn og móðir hans voru einnig tekin föst og lokuð inn í þessu sama fangelsi. Þeim var sagt, að þau myndu einnig verða drepin, en kóreanski Alþýðuherinn frelsaði þau. Móðirin sagði frá því, að hún hefði verið pínd með því, að glóandi prjónum var þrýst undir neglur hennar. Fulltrúarnir sáu sjálfir verksummerkin. Vitnið sagði, að er hún var leidd til pyntingaklefans, þá hefði hún séð lifandi fólki kastað í gryfjuna í garðinum fyrir utan. Fulltrúarnir skoðuðu gryfjuna, sem reyndist vera ónotaður brunnur. Í kringum hann var um 60 sm. hár veggur, og einn meter í þvermál. Brunnurinn virtist um 7—8 metra djúpur. Í glampandi morgunbirtunni mátti greinilega sjá líkin á botni brunnsins og marandi í vatnsskorpunni var lík af barni klætt svörtum frakka með gljáhnöppum.

Því næst fóru fulltrúarnir um tvo kílómerta út fyrir borgina. Þar í hæðarbrekku hafði fjöldi borgarbúa verið grafinn, sumir

í smáflokkum, en aðrir í stórum fjöldagröfum. Grafirnar höfðu verið opnaðar til þess að fulltrúarnir gætu með eigin augum séð leyfarnar. Ein gröfin var fyrir börn, en þaðan var búið að flyta burtu öll þau lík, sem þekkjanleg voru og jarða þau í einkagrafreitum, var búið að því áður en borgin sjálf var frelsuð. Líkin, sem eftir voru, voru óþekkjanleg vegna misþyrminga. Auk þess sáu fulltrúarnir þarna barnaskó, hártoppa og fléttur af konum og ýmsa smáhluti er fólk þetta hafði átt og borið með sér. Ennfremur sáust kaðlarnir, sem fólkið hafði verið fjötrað saman með er það var grafið. Ein gröfin, mjög stór var full af líkum fullorðinna manna.

Vitnið, **Huan Sin Ya** sagði frá því, að móðir sín hefði verið grafin lifandi, en henni tókst að grafa sig upp aftur. Hún var tekin til fanga aftur og grafin. Í þá sömu gröf voru grafnir 450 manns. Það eru tuttugu slíkar grafir í þessari brekku og fulltrúunum var sagt að í tólf hæðadrögum hefðu fundizt lík af fólki, sem Ameríkumenn hefðu drepið á þennan hátt.

Fulltrúarnir töluðu við fjölda kvenna í þessu héraði.

Kim Sen Ai, Ellefu ára stúlka. Hún frétti hjá kennaranum í í skólanum, sem hún var í af ferð fulltrúanna og erindi þeirra og kom því og bað um að fá að bera vitni. Hún var frá þorpinu **On Gun Ri,** 32 kílómerta frá Anak. Henni sagðist svo frá:

Hún var í fjórða bekk barnaskólans þegar Ameríkumenn komu í þorpið. Hún var handtekin og sett í fangelsi ásamt foreldrum sínum. Eftir tólf daga í fangelsinu var faðir hennar tekinn og krossfestur og kastað í ána. Móðir hennar var félagi í verkalýðsfélagi og stúlkan sagði, að af þeim sökum hefði móðirin verið tekin og skorið af henni brjóst og höfuðið. Systir stúlkunnar var grafin lifandi. Nú var þessi stúlka í skóla fyrir munaðarleysingja.

Önnur stúlka, **Sin Soon Dza,** einnig ellefu ára og úr sama skóla og **Kim Sen Ai,** sagði svo frá: Móðir hennar, hún sjálf og systir hennar flúðu þegar Ameríkumenn hertóku þorpið, en voru seinna gripnar og teknar til fanga. Þegar þær neituðu að svara spurningum, sem fyrir þær voru lagðar voru þær barðar og síðan var móðir hennar og systir skotnar. Sjálfri tókst henni að flýja, náðist aftur, var sett í fangelsi og var barin þar af Ameríkumönnum. Fulltrúarnir sáu djúp ör, sem enn voru á höfði hennar eftir barsmíðarnar.

Ok Bun Dzen, sextán ára stúlka frá þorpinu **Won On Ri:** Foreldrar hennar voru handtekin, látin laus, handtekin aftur og þá hálshöggvin og höfðum þeirra kastað í ána. Þetta var gert að öllum þorpsbúum ásjáandi og henni sjálfri þar með. Seinna var hún handtekin og sett í fangaklefa svo yfirfylltan að ekki

var hægt að setjast niður. Þegar barn konu einnar, er stóð rétt hjá henni, fór að gráta, komu Ameríkumenn og lögðu það byssustingjum.

Annað vitni, konan **Sim Tong Bin** frá þorpinu **Wu Se Ri,** 8 kílómetra frá Anak, greindi svo frá: Ameríkumenn drápu mann hennar, tengdaföður, tengdamóður, og mágkonu. Öll voru skotin en þegar líf fannst með þeim eftir skothríðina, voru þau öll lögð byssustingjum, nema tengdafaðir hennar. Hann var grafinn lifandi.

Ok Ye Pon, kona 49 ára að aldri til heimilis að **Yo Nam Rigötu 40.**

Vitnið greindi svo frá: Sonur hennar, tuttugu og fimm ára, var tekinn til fanga af Ameríkumönnum og barinn af þeim með járnstöng. Höfuðkúpan brotnaði, en samt var hann enn á lífi eftir barsmíðina og var hann þá grafinn lifandi. Tengdadóttir þessarar konu var sett í poka og barin. **Ok Ye Pon** tókst að finna tengdadóttur sína og bjarga henni, en fórnarlambið er enn í rúminu og getur ekki hreyft sig.

Ung kona, **Tsen Hwa Uk** kom frá þorpinu **Che Do Ri,** 20 kílómetra frá Anak, hún sagði fulltrúunum eftirfarandi:

Hún var handtekin ásamt 19 bændum og voru þau flutt á brott til þess að verða skotin. Hún fékk skot í öxlina og var kastað í ána ásamt hinum. Henni og annari konu. **Li Hi Dzin,** 40 ára gömul, tókst að leysa böndin hvor af annari og syntu þær síðan saman næstum sex kílómetra leið. **Li Hi Dzen** dó af sárum, en **Tsen Hwa Uk** komst í helli einn og þar faldi hún sig í hálfan fjórða mánuð, eða þangað til Alþýðuherinn kom og frelsaði héraðið. Hún sýndi fulltrúunum þrjú skotsár er hún hafði á vinstri öxlinni. Hún sagði, að meira en hundrað manns hefðu verið drepnir í þorpinu, sem hún átti heima í.

Meðan á þessari ferð stóð, voru bifreiðar fulltrúanna margoft stöðvaðar af íbúum þorpanna og safnaðist fólkið umhverfis bílana og sagði frá atburðum, sem sýndu hvers konar þjáningar þeir höfðu orðið að þola af hendi amerísku hermannanna.

Á leiðinni til Sinchen voru fulltrúarnir stöðvaðir af bændum, sem báru graftól og voru leirugir upp í mitti. Þeir sögðu ána í vexti og lík, sem kastað hefði verið í hana fyrir mánuðum síðan væru nú að koma upp á yfirborðið. Höfðu þeir verið alla nóttina að safna þeim saman upp úr ánni.

Fulltrúarnir dvöldu um nokkurn tíma í borginni Sinchen.

Í þessari borg höfðu 23250 manns verið drepnir. Fulltrúarnir skoðuðu byggingu, sem áður hafði verið skóli en Bandaríkjaherinn hafði tekið og notað sem aðalstöðvar. Fyrir utan bygg-

inguna voru tveir hellar. Í öðrum hellinum höfðu 30 konur og börn verið höfð í haldi og síðan skotin. Í hinum hellinum voru 104 manns lokuð inni, olíu hellt yfir þau og síðan kveikt í. Þeir, sem logarnir náðu ekki til, köfnuðu af reyknum. Fulltrúarnir sáu að blóðblettir voru á veggjum annars hellisins, en í hinum mátti sjá greinileg merki eftir brennu. Framan við þetta skólahús höfðu Ameríkumenn gert jarðhús, sem þeir notuðu til yfirheyrslu á íbúunum. Þarna sáust einnig greinilega blóðblettir á veggjunum.

Næst skoðuðu fulltrúarnir aðra byggingu, sem ekki var fullgerð þegar Bandaríkjamenn tóku borgina. Þessa byggingu notuðu þeir sem stjórnar- og lögreglustöðvar á þessu svæði. Á bak við þessa byggingu var hellir, sem borgararnir höfðu stækkað og haft sem loftvarnabyrgi. Fulltrúarnir fengu upplýst, að 479 manns, sem verið höfðu fangar í aðalbyggingunni voru færðir yfir í álmu á þessum helli, þegar Bandaríkjaherinn yfirgaf borgina, þar var hellt olíu yfir fangana og þeir brenndir lifandi. Í annari, stærri álmu hellisins voru rúmlega þúsund manns drepin með vélbyssuskothríð.

Vitni, **Han Yan Guan, Ko Nam Ri-götu 248,** sagði svo frá: Hann vann í kornmyllu, en flúði er herinn kom og gekk í lið með skæruliðum. Þegar borgin hafði verið frelsuð, kom hann aftur og hjálpaði þá til við að grafa og hreinsa til í minni álmu hellisins. Líkin, sem þeir fundu þar, voru nakin og meira og minna brend, en engin merki um skotsár á þeim".

Fulltrúarnir sáu blóðbletti í hellinum og greinileg merki eftir bruna, einnig lágu þar flygsur af höfuðleðri manna.

Fyrir utan hellinn hittu fulltrúarnir fjölda íbúa, sem misst höfðu ættingja sína í þessum fjöldamorðum.

Kona, **Chai Chun Ok** að nafni, 65 ára gömul til heimilis **að Ko Hom Ri-götu 247,** sýndi fulltrúunum áhald, er líktist stórum töngum. Tæki þetta hafði verið notað til þess að klípa með fætur fanganna og til annara samskonar pyntinga. Hún sagði, að sjö, af átta sonum hennar, hefðu verið meðal þeirra, sem skotnir voru í stærri hellishlutanum.

Hún sagði: „Ameríkumenn eru villidýr. Þeir komu hér í borgina okkar og drápu hvern þann, sem þeir náðu til".

Önnur kona, **Pak Yo Suk,** búsett í **San Dong Ri-götu 197,** skýrði svo frá, að maður hennar, sonur og sex sonarsynir hefðu verið drepnir í fyrnefndum hellishluta.

Hún sagði: „Við héldum að Ameríkumenn væru kristnir menn, göfugmenni. Við héldum ekki að þeir myndu drepa fólk af þvílíkri grimmd".

Drengur, þrettán ára gamall, **Pen Sung Su, San Rong Ri-götu 292,** sagði frá því, að af þrettán manna fjölskyldu hans voru aðeins hann og móðir hans á lífi. Hinir voru barðir og síðan brendir í þessum sama helli.

Konu, **Pak Su** að nafni, sem misst hafði alla fjölskyldu sína, fórust þannig orð: „Ameríkumenn trúa á Krist. Hvernig geta þeir þá drepið fólk?" Hún sagði ennfremur, að áður en Ameríkumenn komu, hefði hún verið kristin, en nú hefði hún misst svo trú sína, að hún gæti ekki trúað á neitt framar....

Í bæði skiptin, sem getið er hér að framan, að fulltrúarnir komu að hellinum, þá fundu þeir megnan óþef af rotnandi líkum. Fulltrúarnir skoðuðu byrgðaskemmu, sem stóð í brekku rétt utan við borgina. Skemman var með flötu þaki, byggð úr mursteini og múrhúðuð, 9x15 metrar á stærð. Gluggarnir voru hátt uppi og sterkir járnrimlar fyrir þeim. Þarna höfðu Ameríkumenn haft 300 konur í haldi. Konurnar voru brenndar lifandi en börnin svelt í hel.

Vitni, **Yan en Dek,** að nafni, 29 ára gömul til heimilis að **Song Wha Ri-götu 117** sagði svo frá: Hún átti fimm börn, sem öll voru dáin, maður hennar var einnig drepinn. Sjálf var hún fangi í þessari vörugeymslu ásamt tveggja ára barni sínu. Ameríkumennirnir tróðu barn hennar undir fótum sér unz innyflin lágu úti. Því næst tóku þeir hana sjálfa, fóru með hana út úr húsinu og nauðguðu henni, báðir, og píndu hana síðan á ýmsan hátt. Með miklum erfiðleikum tókst henni að flýja.

Kona, **San Ai Su,** 36 ára, sagði, að öll fjölskylda hennar, fimmtán manns, hefði verið drepin af Ameríkumönnum. Börnin hennar þrjú frusu í hel í þessari sömu vörugeymslu.

Stúlka, **Lin Nan Ya,** 19 ára, bar það, að Ameríkumenn hefðu skotið foreldra hennar og tvo bræður hennar.

Son Suk Ma, 21 árs skýrði frá eftirfarandi: Hún var ein eftirlifandi af tíu manna fjölskyldu. Maður hennar, ungbarn þeirra, foreldrar og bræður voru öll drepin af Ameríkumönnum. Sjálf var hún sett í fangelsi í Haiju. Þar voru öll fötin tekin af henni og farið með þau burtu og hún skilin eftir nakin. Barnið hennar, sem var með henni, dó af hungri.

Önnur kona, **Pak Mi Dza,** 35 ára, **San Dzen-Ri-götu 2,** sagði frá því, að hún var ein eftirlifandi af 22, manna fjölskyldu. Hún spurði:

„Hvað ætlið þið að gera til að hjálpa okkur, svo að við náum hefndum? Èg get ekki lifað án þess að ná hefndum á þessum mönnum".

Í brekku einni, um 60 metra frá umræddu vörugeymsluhúsi, sáu fulltrúarnir tvær grafir, sem höfðu verið opnaðar til þess að þeir gætu skoðað þær. Í annarri gröfinni voru leyfar af 70 börnum en í hinni af um 200 konum. Öll voru líkin mjög brennd. Skammt frá var lítið fangelsi, sem var eingöngu notað fyrir börn. Þetta fangelsi var nú jafnað við jörð.

Íbúarnir á þessu svæði sögðu, að eftir frelsunina hefði oft verið kastað sprengjum á svæðið þar sem grafirnar voru og á vörugeymsluna. Álitu íbúarnir að þetta væri gert vegna þess, að Ameríkanarnir væru að reyna að eyðileggja vegsummerkin eftir glæpi sína. Þegar fulltrúarnir skoðuðu þetta svæði, urðu þeir víða að krækja fyrir stóra sprengjugígi.

Song Chun Ok, 42 ára í **Sar Dzen Ri-götu,** sagði frá því, að öll börn hennar voru drepin, sum þeirra kornung, myrt með öxum og hnífum.

Hún sagði „Èg ætla að fara á vígstöðvarnar og leggja mig alla fram þangað til Kórea er laus við Ameríkumenn", og hún bætti við, „það voru ekki einungis amerískir hermenn, sem unnu þessi hryðjuverk, þar voru einnig brezkir hermenn að verki".

Seinna kom fimmtíu kvenna hópur, sumar úr þorpum, sem voru allt upp í 40 kílómetra fjarlægð frá Sinchen, til þess að hitta fulltrúana og hafa tal af þeim. Hver einasta þessara kvenna vildi fá að skýra fulltrúunum frá því sem fyrir hafði komið, en vegna þess hversu tíminn var naumur var ekki hægt að taka niður nema lítinn hluta af því, sem þær sögðu.

Kim Yen, 64 ára frá þorpinu **Kim Dze Ri,** sagði svo frá

Dóttir hennar, **Pen Dong Nan,** var tekin föst og gefið það að sök að hún var í baráttuliði bændanna. Amerískur liðsforingi sagði við hana, að það væri óþarfi að eyða á hana byssukúlu. Dóttirin var bundin á höndum og fótum og byssusting lagt í gegnum tveggja ára barn hennar, sem hún bar á bakinu og síðan í hana sjálfa. Þegar hún hrópaði. Lengi lifi Kim Ir Sen og lýðveldið", þá var tungan skorin úr munni hennar og hún síðan grafin lifandi.

Kim Yen sagði ennfremur, að hún hefði heyrt lýsinguna á endalokum dóttur sinnar hjá hermanni úr liði Syngman Rhee, en maður þessi stærði sig af því, að það hefði verið hann, sem framkvæmdi þetta verk, eftir skipun amerísks liðsforingja. Þar að auki, sagði **Kim Yen,** voru tengdasonur hennar, móðir

bræður og tvö barnabörn hennar sjálfrar, 15 og 16 ára, öll myrt. Aðeins sonarsonur hennar var á lífi.

Yu Tong Dze, 41 ára gömul kona úr þorpinu **Kwon Chou,** sagði fulltrúunum svo frá. Í héraðinu hennar voru 36 þúsund saklausra manna drepnir. Í þorpinu, sem hún bjó í, voru 175 manns drepin, meðal þeirra voru 18 manns af fjölskyldu hennar, þar á meðal maður hennar og yngsta barnið fimm mánaða gamalt. Sjálf var hún tekin höndum, en látin laus síðar. Hún sagði ennfremur, að í þorpið hennar hefðu bæði komið enskir og amerískir hermenn og hvorutveggja hagað sér eins og örgustu villidýr. Hún sagðist hafa horft á bæði enska og ameríska hermenn fleygja saklausu fólki í ána. Þegar hún var spurð að, hvernig hún þekkti hverrar þjóðar mennirnir voru, sagðist hún þekkja í sundur brezka og ameríska einkenningsbúninga. Hún spurði: „Eiga menn enga meðaumkun til í Englandi?

Hafa þeir trú á barnamorðum?"

Hún sagði ennfremur, að þegar amerísku liðssveitirnar hörfuðu úr þorpinu hefðu þeir sagt við fólkið: „Komið með okkur suður á bóginn, því við ætlum að kasta kjarnorkusprengju á Norður-Kóreu og allt verður lagt í eyði". Þegar fólkið svo yfirgaf þorpið og hélt suður eftir, þá var skotið á það af vélbyssum úr lofti.

Ni Yu Nye frá **San Gen Ri** skýrði frá því, að dóttir hennar og tengdasonur hefðu verið drepin. Vitnið sagði að hvorugt þeirra hefði verið skotið, heldur barin til bana með bareflum.

Pak On In, 22 ára gömul úr þorpinu **Sa Ok Ri,** sagði svo frá: Maður hennar og þrír bræður hans, allir bændur, voru handteknir og drepnir. Hún sá sjálf, er átján ára stúlku var nauðgað og síðan drepin. Sagði hún, að þar hefðu bæði amerískir og brezkir hermenn verið að verki. Ennfremur sagði hún, að heitum járnum hefði verið stungið upp í nasirnar á sumum fanganna og þeir leiddir um göturnar af brezkum og amerískum hermönnum. Sjálf þekkti hún bónda einn, Lee San Sun að nafni, sem þetta var gert við. Henn tókst að flýja og gat falið sig í hæð einni. Seinna fann hún lík manns síns. Höfuðkúpan var brotin en líkið bar merki þess að hann hafði verið brenndur.

Li Di Ye, 30 ára gömul, **Chek So Ri-götu 3** skýrði svo frá:

Maður hennar var garðyrkjumaður. Þegar amerísku hermennirnir komu til þess að taka hann fastan, sögðu þeir við hann, að þeir myndu útrýma öllum Norður-Kóreumönnum. Í götunni, þar sem hún bjó, voru 100 hús. í þeim voru 90 fjölskyldur drepnar. Hún var tekin föst ásamt tveimur börnum hennar, en tókst að flýja, er verið var að flytja hana milli fangelsa. Hún reyndi að komast til Pyongyang, en náðist aftur. Ameríkumennirnir fyrirskipuðu að

hún skyldi skotin, en hermaður úr liði Syngman Rhee lét hana komast undan. Hún sagði ennfremur frá því, er hún sá farið með Norður kóreanska fanga út á akur, þar sem hellt var yfir þá olíu og þeir síðan brenndir lifandi.

Kim Suk Sen frá þorpinu **Say San Ri,** frásögn hennar er þannig:

Börn hennar voru tekin og drepin vegna þess, að hún var starfandi meðlimur í kvennasambandinu. Maður hennar var einnig drepinn.

Nöglum var stungið í eyru dóttur hennar **Kim Chun Dza,** 20 ára að aldri, sem var hjúkrunarnemi. Síðan var trumba bundin á bak hennar og hún neydd til þess að ganga nakin um göturnar. Síðan var hún lokuð inni í fangelsi. Ameríkskir hermenn reyndu að nauðga henni en hún veitti viðnám og var þá lögð byssustingjum. Móðir hennar fann líkið sem var limlest og skorið í tvennt.

Kim Suk Sen skýrði ennfremur frá því, að þegar amerísku hermennirnir komu til borgarinnar, þá settu þeir upp pútnahús. Þeir tóku fastar ungar stúlkur og konur og fóru með þær þangað og nauðguðu þeim. Vitnið sagði, að fallegustu stúlkurnar hefðu verið teknar handa brezku og amerísku liðsforingjunum, en hinar ófríðari hafðar handa hermönnum úr liði Syngman Rhee. Hún kvaðst þekkja þrjár stúlkur, sem verið höfðu í þessu pútnahúsi og voru enn á lífi, hinar voru allar drepnar. Í þorpinu, sem hún átti heima í voru 140 hús. Þar voru 240 manns drepin.

Hwan Ik Su, 14 ára gömul, frá þorpinu **San Chen Ri,** sagði, að sjö af ellefu manna fjölskyldu hennar hefðu verið drepnir af amerískum, brezkum og kanadiskum hermönnum. Sjálf var hún tekin höndum vegna þess, að faðir hennar, sem var námumaður, var starfandi verkamaður. Það var farið með hana í fangelsi ásamt móður hennar og tveim bræðrum. Sjálf var hún barin og athuguðu fulltrúarnir 'örin á fótleggjum hennar. Síðan var öll fjölskyldan tekin og farið með hana í kofa einn og hellt yfir þau olíu, en áður en tókst að kveikja í kofanum, komu skæruliðar og bjögguðu þeim. Á meðal skæruliðanna hitti hún mann, sem verið hafði með föður hennar, en tekizt að flýja. Maður þessi sagði henni, að faðir hennar hefði verið stunginn með byssusting á fimm stöðum og höfuðkúpan brotin. Bróðir hennar var teymdur um göturnar með reypi um hálsinn og síðan grafinn lifandi ásamt fimm öðrum úr fjölskyldunni.

Á ferðum sínum um héruðin í Whang Hai, sáu fulltrúarnir eyðilagðar borgir og brennd þorp hvar sem litið var.

Þessi skýrsla var undirrituð af öllum fulltrúunum, sem þátt tóku í ferðinni um Wang Hai þann 26. maí 1951.

FJÓRÐI KAFLI

Skýrsla um rannsóknarferð til Nampho og Kangse í Suður-Phyongyang-héraði Í Maí 22.—23. 1951.

Þátttakendur: **Gilette Ziegler,** Frakklandi. **Fatma ben Sliman,** Túnis. **Li thi Qué,** Viet-Nam. **Ida Bachman,** Danmörk. **Kate Fleron Jacobson,** Danmörk. (Áhorfandi).

Í Nampho voru 60 þúsund íbúar áður en loftárásirnar hófust, nú eru tæplega 50% eftir að þeim.

Formaður Alþýðuráðsins í Suður-Phyongyang-héraði, **Sok Chan Nam,** að nafni gaf okkur þær upplýsingar, að í borginni hefði ekki verið neinskonar hernaðarframleiðsla. Aðaliðnaðurinn var: glervara, vefnaðarvörur, postulín, matvara, og til búinn áburður. Þótt Nampho sé hafnarborg við Gulahafið, þá hefur hún ekki mikla þýðingu sem slík, hvorki fyrir iðnað né hernað því þar er allstaðar svo aðgrunnt.

Í borginni voru 20 þúsund hús þar á meðal einn verkfræðiháskóli, einn búnaðarháskóli og eitt leikhús. Allar þessar þrjár byggingar voru nú í rústum. Þá voru þar og 13 sjúkrahús, öll greinilega merkt með rauðakrossmerkinu, en þrátt fyrir það var varpað á þau íkveikjusprengjum og háþrýstisprengjum og þau eyðilögð svo algerlega, að ekki er hugsanlegt að gera við nema eitt þeirra. Af 26 skólum eru aðeins tveir eftir og þó illa nothæfir. Ein lítil kirkja hefur sloppið við eyðileggingu.

Nampho var á valdi ameríkumanna frá 22. okt. til 5. des. 1950. Á því tímabili voru margar byggingar brenndar til grunna og allar matarbirgðir eyðilagðar, auk þess myrtu þeir á hryllilegan hátt 1511 manns, meira en helmingur þeirra voru konur og börn.

Borgin hefur legið undir stöðugum loftárásum. Stærsta loftárásin var gerð þ. 6. maí, 1951. Við ókum víðsvegar um borgina og námum víða staðar til athugana. Allstaðar, þar sem við fórum um, mátti heita að hvert einasta hús væri gereyðilagt. Sprengjugýgar, rústahaugar og bútar af reykháfum voru hin einu merki um hvar húsin höfðu áður verið. Í hvert sinn, sem við námum staðar, safnaðist fólkið umhverfis okkur, til þess að segja okkur frá þeim skelfingum, sem yfir það hafði dunið: Hvernig það hafði misst

ættingja sína og heimili, — jafnframt sýndi það okkur örin og sárin, sem það bar enn eftir pyntingar ameríska hermanna.

„Borgarhlutinn Young Dong Ri er sannkallaður kirkjugarður". Þannig fórust einum þeirra orð, sem af komst. Hver einasta fjölskylda á þessu svæði, hafði misst þrjá, fjóra, og allt að tíu manns. Þessi borgarhluti stóð að mestu í brekku. Þar var ekki einu sinni veggur uppistandandi og af trjánum sáust ekki annað en sviðnir stofnbútar.

Li Tan Wha, 42 ára gamall, sagði, þar sem hann stóð á barminum á djúpum sprengjugýg: „Hérna var húsið mitt. Í árásinni, sem gerð var í maí missti ég sex manns af fjölskyldu minni, konu mína, tvö börn og þrjá ættingja mína. Við, Kóreubúar munum verja land okkar og við vonum að Alþjóðakvennasamtökin verji málstað Kóreu". Annar maður, **Kim Su Young,** missti alla fjölskyldu sína, tíu manns. Hann sagði: „Allir Kóreubúar standa sem einn maður. Ég get ekki lýst tilfinningum mínum, en ég vona að heimurinn skilji þær". Aðrir hrópuðu á hefnd.

Í þessum sama borgarhluta höfðu 16 sjúklingar beðið bana, er sjúkrahúsið varð fyrir íkveikjusprengjum þ. 6. maí.

Í öðrum borgarhluta heimsóttum við bráðabirgðarsjúkrahús, sem hafði verið komið upp til þess að geta gert að hættulegum brunasárum. Sjúkrahús þetta var ekki annað, en löng, óþiljuð jarðgöng, 1½ meter á breidd. Þarna var hægt að koma fyrir 17 rúmum.

Um miðjan dag þ. 21. apríl, var gerð loftárás á hið stóra markaðstorg Namphoborgar. Þarna fórust 48 manns. Mikið af matvælum eyðilagðist. Nú var torgið því sem næst autt.

Þann 31. ágúst 1950 var gerð kl. 6 klst. loftárás á stærstu áburðarverksmiðjuna. Árásin stóð yfir frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h.

Af 900 verkamönnum, sem unnu þarna, fórust 300. Þessar stóru byggingar voru svo stórskemmdar, að ekki verður hægt að gera við nema lítinn hluta þeirra.

Um kvöldið hittum við nokkra sjónarvotta, þeirra á meðal voru tvö börn:**Kim Sun Ok,** 13 ára stúlka og **Kim Kwon Ho,** 11 ára drengur, bæði frá Munaðarleysingjahælinu. Þegar Ameríkumennirnir komu til Nompho, reyndu þeir að þröngva börnunum til kristinnar trúar. Þau, sem sýndu mótþróa, voru svelt og pyntuð. Áður en amerísku hersveitirnar fóru, breiddu þær út þann orðróm, að kínversku sjálfboðaliðarnir myndu drepa börnin. Einnig sögðust þeir ætla að henda atómsprengju á Norður-Kóreu.

Guon Ti Son, 44 ára, var ekki meðlimur í neinum stjórnmálaflokki. Hann átti kornmyllu og hafði þar tíu menn í þjónustu sinni. Þegar ameríski herinn kom, gerðu þeir allt kornið upptækt og þegar þeir fóru eyðilögðu þeir kornmylluna. Blekktur af áróðri Ameríkumanna, fylgdist **Guon Tai Son** með hernum ásamt mörgum

löndum sínum, áleiðis til Haiju, sem er nálægt 38. bbreiddarbaugnum, en þangað streymdi mikill fjöldi flóttamanna. Ameríkumenn skutu af vélbyssum á flóttafólkið og biðu þúsundir bana.

Ho Young Yuk, mótmælendaprestur, 46 ára gamall, sagði okkur, að kristni söfnuðurinn í borginni, hefði verið um 4500 manns. Margir þeirra létu einnig blekkjast og voru meðal þeirra 1500 manna, sem yfirgáfu borgina á skipi þ. 5. des. Ameríkumenn hófu skothríð á þá frá herskipum og flugvélar gerðu loftárás á skipið með vélbyssuskothríð. Safnaðarmeðlimirnir héldu að þetta væru einhver mistök og hófu sálmasöng, en skothríðin hélt áfram samt og voru 275 manns drepnir.

Kim Kwon Tai, 48 ára gamall, var meðlimur í Bændasambandinu og tekinn fastur vegna þátttöku sinnar þar. Ameríkumenn börðu hendur hans og fætur svo hryllilega að nú eru hendur hans allar krepptar og kræklaðar og hann verður aldrei fær um að ganga eðlilega. Kona hans og dóttir voru einnig barðar. Kona hans var nefbrotin í barsmíðunum.

Í borginni Kangse hefur fjöldi húsa verið eyðilagður, þar á meðal stór drengjaskóli.

Í Sinchen-héraði voru 1561 maður drepinn meðan ameríski herdvaldi þar, frá 20. okt. til 7. des.

Af þessum fjölda voru 1384 skotnir — 932 karlm., 452 konur.

Af þessum 1384 voru 454 börn undir átta ára aldri.

57 manns voru hengdir — 42 karlm., 15 konur.

50 manns grafin lifandi — 30 karm., 20 konur.

35 manns barin í hel með kylfum — 25 karm., 10 konur.

35 manns brenndir lifandi — 32 karlm., 3 konur. O. s. frv.

Þessar tölur fengum hjá **Li Yung Suk,** formanni héraðsstjórnarinnar, í viðurvist 40 karla og kvenna, sem komust lífs af.

Eftir skýrslum þeirra fjölmörgu vitna, sem við töluðum við þennan dag, getum við fullyrt, að ameríkumenn handtóku fólk fyrir eftirfarandi „glæpi:

að vera ættjarðarvinir,

— eiga ættingja í hernum,

— vera meðlimur í stéttarfélögum bænda eða öðrum alþýðusamtökum, t. d. kaupfélögum,

— eiga ættingja innan einhverra þessara sambandi.

(Maður, sem áður hafði unnið í kaupfélagsverzlun, sýndi okkur fætur sína. Þeir voru þaktir brunaörum. Ameríkumenn höfðu brennt hann með glóandi járnum).

Ameríkumenn fóru upp í fjöllin með þá, sem eftir lifðu af þessum 1561. Skutu þeir suma, en aðrir voru grafnir lifandi. Þessar

fjöldagrafir fundust skömmu eftir undanhald ameríkumanna. Bændur, sem bjuggu þarna í nágrenninu vísuðu á þær, en ameríkumenn höfðu neytt þá til þess að taka grafirnar áður en aftakan fór fram. Fjöldagrafir fundust á eftirtöldum stöðum:

Taichang Mo, Muyon Ri, Wha San bong, Chang Tai Kwan, Chang-So myen, Lika myen, Tong Kul myen.

Frá **Taichang Mo**-fjallinu sáust þessar fjöldagrafir í fjöllunum og hæðunum allt í kring.

Í fylgd með formanni héraðsráðsins, stóðum við á barmi einnar fjöldagrafar á þessu fjalli, með okkur voru fjöldi feðra, mæðra, ekkna og barna þessara fórnardýra, sem hér hvíldu. Sum líkin höfðu ættingjar og vinir þekkt og flutt á brott og grafið þau í fjallshlíðinni og hæðunum, hinu megin dalsins, sem einnig blöstu við okkur. Þegar fjöldagrafirnar voru opnaðar í desember 1950 var hægt að sjá hvernig hver og einn hafði verið drepinn. Í viðurvist okkar voru nokkur hinna óþekktu líka grafin upp. Við sáum, að hendur þeirra voru bundnar fyrir aftan bak, höfuðkúpur sumra voru brotnar. Við fundum einnig amerísk skothylki, blóðugar fatatætlur, hárflyksur, reipi, skó og aðrar leyfar af fatnaði. Af stríðu, svörtu hárinu og hinum einkennandi kóreanska bændabúningi var auðvelt fyrir okkur að þekkja, að líkin voru af kóreönskum bændum og fólki þeirra.

Á þessu fjalli, **Taichang Mo,** voru átta slíkar grafir. Ein var 80 metrar á lengd, önnur 70 metrar, dýptin nóg fyrir tvö lög af líkum. Hinar grafirnar voru miklu dýpri (um 5 metrar), en styttri.

Skammt frá var nýoprinn haugur. Þar höfðu Kórear grafið lík 20 barna, sem þeir höfðu fundið ásamt mæðrum sínum í fjöldagröfunum.

Ein af konum þeim, sem fylgdu okkur upp á fjallið, hún hét **Tan Buk Tong,** sagði okkur, að hún hefði fundið lík bróður síns í einni fjöldagröfinni. Hann sat í gröfinni, með hendurnar bundnar á bak aftur og höfuðið milli hnjánna. Hún bætti því við, að það, sem hún sá er fjöldagrafirnar voru opnaðar, hefði verið svo hryllilegt, að hún hefði varla haft þrek til þess að horfa á það. Líkin störðu opnum augum, mæðurnar sátu með börn sín á bakinu, o. s. frv.

Einn þeirra sjónarvotta, sem við töluðum við, var maður að nafni **Kim Ki Sun,** 38 ára gamall. Hann horfði á úr felustað sínum, er amerískir hermenn grófu lifandi, son hans, tengdadóttur og drenginn þeirra. Hann setti á sig staðinn. Seinna kom hann og gróf þau sjálfur upp. Hendur þeirra voru bundnar fyrir aftan bak.

Við spurðum fólkið, hvort einungis amerískir hermenn hefðu framið þessi hryðjuverk, eða hvort hermenn úr liði Syngman Rhee hefðu þar einnig verið að verki?

Svarið var: Í þessu héraði voru einungis ameríska hersveitir. Þeirra einna er sökin.

Þennan dag, sem við dvöldum þarna, voru gerðar margar árásir, bæði af flugvélum og skothríð frá herskipum. Við vorum svo nálægt ströndinni, en þar halda ameríkumenn uppi stöðugum loftárásum, til þess að hindra fiskibátana í að komast út á miðin og koma þannig í veg fyrir fæðuöflun fólksins. Það er aðeins um hánóttina, sem einstöku sinnum tekst að róa til fiskjar.

Meðan á hernáminu stóð kveiktu Ameríkumenn í 15860 sekkjum af korni og þegar þeir fóru tóku þeir með sér 23453 sekki. Einnig tóku þeir allan nautpening, grísi, hænsni, og nokkuð af hrossum.

Haustið 1950, þegar kornið stóð þroskað á ökrunum, þá eyðilögðu þeir 4500 hektara af hrísgrjónum og 2100 hektara af öðru akurlendi, með því að varpa á það íkveikjusprengjum.

N.B. Vegna þess, að Nampho er gereydd borg, þar sem hvergi sér fyrir götu eða húsi, gátu vitnin ekki gefið upp neitt heimilisfang, en þau settu nöfn sín til staðfestingar.

Þessi skýrsla var undirrituð af öllum þátttakendum, sem heimsóttu Suður Phyongyang-hérað þ. 27. maí 1951.

FIMMTI KAFLI

Dagana 22.—24. maí 1951, heimsóttu nefndarmeðlimirnir þorpið Madzen, (það er 150 km. frá Phyongyang og 48 km. frá Wonsan), í Moon Sen-héraðinu, Kang Won-fylki og hafnargorgina Wonsan, einnig í Kang Won-fylki.

Í ferðinni voru: **Liu Chin-Yang,** Kína. **Germaine Hannevard,** Belgíu. **Elisabetta Gallo,** Ítalíu, **Miluse Svatosova,** Tékkóslóvakíu.

Nefndin ferðaðist gegnum borgirnar, Phyongyang, Kangtong og San-tong. Allar þessar borgir voru að mestu leyti jafnaðar við jörðu. Nefndin kom einnig við á Yangtok-baðstaðnum, sem er frægur fyrir sína heitu hveri og laugar. Yangtok er nú ekki annað en grjóthrúgur og rústahaugar, mitt í rústunum sáum við leyfarnar af gagnfræðaskóla borgarinnar.

Við sáum bændurna rækta akra sína að nóttunni, en það gerðu þeir vegna þess, að á daginn skutu bandarískar flugvélar á þá af vélbyssum. Akrarnir voru ræktaðir af mikilli alúð.

Bændurnir í Madzen-Ri sögðu okkur, að þeir hefðu orðið á undan áætlun stjórnarinnar með voryrkjuna, þrátt fyrir að þeir gátu aðeins unnið að nóttunni.

Í umhverfi Madzen-Ri sáu meðlimir nefndarinnar stór skógarsvæði, sem höfðu brunnið til ösku af íkveikjusprengjum Bandaríkjamanna, sem þeir varpa á þorp, akra, skóga og jafnvel á fjöllin.

Íbúar Madzen-Ri sögðu okkur, að aðfaranótt 23. maí, hefðu Bandaríkjamenn varpað sprengjum á þorpið þeirra og gereyðilagt nokkur hús.

Kim Song IL bóndi skýrði svo frá:

Bandaríkjamenn höfðu þorpið Madzen-Ri á valdi sínu frá 14. okt. til 5. des. 1950. Þeir ruddust inn í þorpið eftir fimm daga orustu við alþýðuherinn. Meðan Bandaríkjamenn höfðu þorpið á valdi sínu voru þeir umkringdir og til þess að styrkja aðstöðu sína brenndu þeir öll nálæg þorp, tóku þá íbúa, sem ekki höfðu flúið, til fanga og settu þá í bráðabirgðafangabúðir í Madzen-Ri. Nokkrum dögum síðar létu þeir fáeinar konur lausar, þær flúðu til fjalla eða földu sig í rústum heimila sinna. Alls voru 500 íbúar teknir til fanga, 54 voru drepnir, 76 voru sendir til Wonsan og

hafa ekki fundist ennþá. Allar hinar fangelsuðu konur voru barðar, 20 konum var nauðgað.

Kim Song Il fullyrti, að einu Suður-Kóreu mennirnir er komu með Bandaríkjamönnunum hafi verið fáeinir túlkar en enginn úr hersveitum Syngman Rhee.

Í þorpinu Ku-mi, sem er 4 km. frá Madzen-Ri, köstuðu Bandaríkjamenn handsprengju inn í loftvarnabyrgi, þar sem íbúar þorpsins höfðu leitað hælis og drápu á þann hátt 9 gamla menn, konur og börn.

Eftir að Bandaríkjamenn höfðu verið hraktir úr þorpinu voru lík þeirra manna, sem þeir höfðu tekið af lífi, grafin upp. Kom þá í ljós, hvernig fólkið hafði verið drepið:

1. með því að sprengja skothylki í munni þess,
2. með því að kljúfa höfuðið með exi,
3. með því að grafa það lifandi.

Meðal þeirra, sem voru viðstaddir uppgröftinn, voru Kim Song Il, Se Woon, fyrrverandi forseti bæjarstjórnarinnar, Tzeng Seng Kal, Yang Ki Whan o. fl. Skömmu eftir undanhaldið brenndu Bandaríkjamenn þorpið til grunna með því að varpa á það íkveikjusprengjum. Mestu loftárásirnar voru gerðar þann 15. og 20. desember 1950. Í þessum loftárásum fórst öll fjölskylda Chan Ki Son, bónda, en hún var tíu manns, þar á meðal sjö börn, og tíu manns, þar af fjögur börn, voru drepin með vélbyssuskothríð frá flugvél.

Kim Puh Chen, 43 ára gömul, 4 barna móðir skýrði frá því, að Bandaríkjamenn hefðu ofsótt íbúa þorpsins fyrir það, að þeir væru kommúnistar. Mann hennar, sem var varaforseti þorpsráðsins, tóku Bandaríkjamenn til fanga, börðu hann með trélurkum og byssuskeftum, fluttu hann síðan hálfdauðann til Wonsan, en þar lézt hann af sárum sínum. Formaður alþýðusamtakanna í þorpinu var grafinn lifandi og aldraður faðir hans tekinn og skotinn. Kim Puh Chen sagði enn fremur: Formaður kvenfélagsins í þorpinu Ko Ri, Tsen Man Suk, 31 árs, var handtekin af Bandaríkjamönnum, gefið að sök, að hún væri rauð. Þeir nauðguðu henni og höfðu síðan í haldi í tvo daga.

Cha Og Sun, 27 ára gömul, tveggja barna móðir sagði okkur eftirfarandi:

Maður hennar var við vinnu sína á pósthúsinu í Ko Ri, sjálf var hún að vinna á litla akrinum þeirra þegar Bandaríkjamennirnir komu og handtóku þau ásamt tveimur börnum þeirra, yngra barnið ársgamalt. Þeim var gefið að sök að þau væru rauð fjölskylda. Mann sinn sá hún aldrei framar. Sjálf var hún sett í fangelsi í Wonsan. Í nokkra daga var eina fæðan sem hún fékk, tvær skálar af hrísgrjónum, þar af leiðandi svalt barnið hennar. Meðan

hún dvaldi í fangelsinu í Wonsang sá hún að bandarískir hermenn völdu úr nokkrar stúlkur á hverju kvöldi og nauðguðu þeim. Eftir tuttugu daga varðhald frelsaði alþýðuherinn hana.

Kan Yu Han, 28 ára gömul bóndakona frá Ko Ri, móðir 18 mánaða gamals barns, skýrði nefndinni svo frá:

Þegar Bandaríkjaherinn kom í þorpið, flúði hún til fjalla. Sama daginn og hún sneri heim til þess að líta eftir uppskerunnni, var hún tekin föst ásamt barni sínu. Hún var barin þegar hún gat ekki komið í veg fyrir að barnið gréti af hungri. Þegar hún hafði verið fjóra daga í varðhaldi í þorpinu var farið með hana til Wonsan, þar var hún sett í neðanjarðarfangelsi ásamt barni sínu og þaðan frelsaði Alþýðuherinn hana.

Wonsan er hafnarborg við Japanshaf og aðalbær norður Kong-Won-héraðsins. **Che Kwan Yol,** formaður verkamannaflokks héraðsins, gaf okkur eftirfarandi upplýsingar: „Fyrir stríð voru 123137 íbúar í Wonsan. Af þeim eru nú aðeins 57667 á lífi. Af 27345 húsum og opinberum byggingum, standa nú eftir aðeins 9247, þar með talin þau hús, er hafa orðið fyrir meiri og minni skemmdum. „Bandaríkjamenn höfðu Wonsan á valdi sínu frá 14. okt. til 9. des. 1950. Á tímabilinu 9. des. 1950 til 31. marz 1951 gerðu 275 sprengjuflugvélar (B 29), loftárásir á borgina, og 917 orustuflugvélar. Varpað var 838 háþrýstisprengjum á borgina og ráðizt á íbúana og heimili þeirra með vélbyssuskothríð 3519 sinnum. Á sama tíma var skotið á bæinn af herskipum, er lágu úti fyrir, 487 sinnum.

Í þessum árásum fórust 598 manns og 518 særðust. Af þeim, sem fórust, voru 255 karlm. og 243 konur (þar af 241 barn)".

Meðan við dvöldum í Wonsan skutu herskipin hvað eftir annað á borgina og umhverfi hennar. Skothríðin var sérstaklega mikil aðfaranótt 24. maí. Samkvæmt opinberum upplýsingum var 6752 sprengikúlum skotið um nóttina, 65 opinberar byggingar og 49 hús, er áður höfðu orðið fyrir skemmdum, voru algerlega eyðilögð. Ellefu manns fórust, 7 særðust, þar af 4 alvarlega, en þrír hlutu minni áverka.

Olíuhreinsunarstöðin var í útjaðri borgarinnar. Við komum í þetta hverfi borgarinnar og var það gereytt svo ekki stóð steinn yfir steini. Í rústunum fundum við brot úr bæði íkveikju- og háþrýstisprengjum. Húsin voru ekki annað en rjúkandi öskuhrúgur. Við sáum sviðin líkin af móður og barni, sem höfðu verið grafin út úr rústunum rétt áður en við komum. Íbúarnir, sem komust lífs af, búa í loftvarnabyrgjum, sem grafin eru niður í jörðina. Þeir voru allir önnum kafnir við að hreinsa til í rústunum.

Meðan við dvöldum þarna þurftum við þrisvar sinnum að leita skjóls, vegna loftárása, hlupum þá inn í jarðhúsin, sem grafin

höfðu verið inn í fjallshlíðina, en þau voru eini dvalarstaður þessa ógæfusama fólks. Á þennan hátt urðu neðanjarðarborgir að veruleika.

Við komum í eina slíka „borg", **Chung Chong Ri.** Þessi „borg" var ekki annað en hellar, sem höggnir voru inn í fjallsgilið. Inngangurinn var þakinn trjágreinum til þess að hann sæist síður, því þeir óttuðust flugvélaárásir Bandaríkjamanna og vélbyssuskothríð flugmanna þeirra.

Formaður Sambands lýðræðissinnaðra kvenna í Kang-Won-fylki, **Kwon Chin Hi,** að nafni, las fyrir okkur opinbera skýrslu svo hljóðandi:

Árásirnar á Kang-Won-fylki hófust snemma í júlí 1950. Meðal þeirra mörgu húsa, sem voru eyðilögð í þessum árásum, eru eftirtaldar byggingar:

13. júlí 1950. Hvíldarheimili verkamanna. 168 verkamenn fórust.
Undirbúningsskóli, nr. 13.
Borgarsjúkrahúsið.
Sjúkrahús Rauða krossins. Þar lét yfirhjúkrunarkonan lífið
Sjúkrahús nr. 1 Þar fórust þrír sjúklingar og tvær hjúkrunarkonur.
13. ágúst 1950. Kennaraskólinn og járnbrautarverkstæðið.
Átta sprengjuflugvélar gerðu árásina.
Yfir hundrað verkamenn fórust.
15. ágúst 1950. Olíuhreinsunarstöðin. (Á hana hafa verði gerðar margar loftárásir síðan).
Skipakvíarnar.
13. sept. 1950. Framhaldsskóli stúlkna, nr. 3.
Héraðsleikhúsið.
25. jan. 1951. Bæjarbókasafnið.

Í Wonsan eru nú hvorki til sjúkrahús né skólar. Kennslan fer fram í smáhópum hér og hvar um borgina. Á svæðinu meðfram 38. breiddarbaugnum, er ekki eitt einasta hús íbúðarhæft vegna skemmda. Frá 25. júní 1950 til 31. marz 1951, voru 2298 konur og 2292 börn drepin í Kang Won-fylkinu einu saman. 676 börn hafa misst báða foreldra sína.

Kwon Chin Lu lét nefndinni í té eftirfarandi opinbera skýrslu, um hryðjuverk Bandaríkjamanna, meðan þeir höfðu fylkið á valdi sínu, frá 9. okt. til 11. des.

Í borginni Chelwon voru 1500 íbúar drepnir, 130 þeirra voru grafnir lifandi í kofa, sem þeir flúðu inn í.

Í borginni Kalma, (Kalma-héraði, Chelwon-fylki) var bóndinn

Om Son Ro og fjölskylda hans, þar á meðal sex börn, drepin með byssustingjum, af Bandaríkjamönnum.

Í Sa-Ki-Ri-oorpinu, (Chelwonhéraði, Chelwon-fylki), voru nokkrir íbúanna grafnir lifandi, þar á meðal þriggja ára barn, sem var með lífsmarki er gröfin var opnuð.

Í Ok Tong-Ri þorpinu, (Pyong Kang-fylki), var tengdadóttir Se Dong Cho's, bónda, 23 ára gömul, á áttunda mánuði meðgöngutímans tekin af Bandaríkjamönnum, bundin upp við tré og höfð þar til sýnir. Síðan ristu þeir á kviðarhol hennar og tóku barnið.

Í Mih Yen Ri-þorpinu, (An-to-héraði, Anpyen-fylki) voru þrjár konur úr fjölskyldu Sen Yang Son bónda, teknar af Bandaríkjamönnum. Þær reyndu að verjast er hermennirnir ætluðu að nauðga þeim og voru þá brjóstin skorin af þeim og þær síðan drepnar með því að reka glóandi járnstöng inn í leggöngin.

Che Ok Li, 42 ára gömul, Bang Son-götu í Wonsan. Henn var nauðgað af 14 Bandaríkjamönnum, hverjum á eftir öðrum. Hún er enn á lífi, en rúmliggjandi. Nú býr hún í Tong-Chang-þorpinu.

Í Ro-Kok-þorpinu, (Tong-héraði, Chelwonfylki), var Kim Hyo Sun, 32 ára gömul, handtekin ásamt barni sínu þ. 3. nóv. af Bandaríkjamönnum. Þeir afklæddu hana, stungu byssustingjum gegnum kviðarholið og skutu hana síðan. Barnið dó úr hungri við lík móður sinnar.

Í Kang-Won-fylki voru 130 þúsund íbúar. Í þessu fylki nauðguðu Bandaríkjamenn og hermenn Syngman Rhee, 2903 konum.

Fulltrúarnir töluðu við fleiri vitni:

Mótmælendatrúboðinn **Cheng Kyeng Hwa,** 49 ára gömul ekkja, skýrði svo frá:

Tengdadóttir hennar, Yun Sun, 25 ára gömul, var vakin upp um miðja nótt og rekin upp í vagn hjá tveimur götudrósum. Hún braust út úr vagninnum og flýði út á hrísgrjónaakurinn, hermennirnir náðu henni aftur, nauðguðu henni og skutu hana síðan. Bróðir þessarar ekkju, Cheng Chung Kwan og mágkona hennar, Pak Kyeng Ryel, voru bæði drepin með vélbyssuskothríð frá flugvél, er þau voru á gangi á götunni. Annað þeirra þ. 29. des., hitt þ. 24. s. m. Cheng Kyeng Hwa elur nú önn fyrir sex börnum þeirra.

Sing Yeng Og, 46 ára gömul bóndakona til heimilis að Kyeng San Ri-götu í Wonsan, sagði fulltrúunum frá eftirfarandi:

Tengdadóttir hennar, 25 ára gömul, (hún hafði verið formaður kvenfélagsins í héraðinu síðustu tvö árin), var handtekin af Bandaríkjamönnum þ. 18. nóv. 1950. Hún var þá á síðasta mánuði meðgöngutímans. Þeir börðu hana fyrir það að hún væri „rauð". Fimm dögum síðar var hún sýnd opinberlega á aðaltorgi borgarinnar. Fæðingin var byrjuð er þetta var gert og dó barnið er sprota var stungið í kvið móðurinnar, móðirin lézt samstundis.

Þetta illvirki var unnið af tveimur Bandaríkjamönnum og ei. um Syngman Rhee-hermanni.

Sjónarvottar, sem neyddir voru til að horfa á þetta hryðjuverk voru: **Lin Pek Man** og **Kim On Yo.**

Eiginmaður þessarar konu, **Pak Chan Yen** að nafni, 26 ára gamall, var handtekinn, barinn og særður til ólífis með byssukúlu og látinn bíða dauða síns í skóginum. Þar fann fjölskylda hans hann og flutti með sér heim, þar liggur hann nú og bíður dauða síns.

Kim Sen Hi, búsettur í Wonsan, 55 ára gamall, sagði fulltrúunum svo frá: Þann 21. nóv. 1950, réðust fimm bandarískir hermenn inn á heimili Sin Bon Kin. Hann er ekkjumaður, kristinnar trúar. Hann var ekki heima er þetta gerðist. Þeir nauðguðu elztu dóttur hans, Sin Hwa Sun, 21 árs að aldri að tveim yngri systrum hennar ásjáandi. Þegar litlu telpurnar flúðu grátandi burtu, voru þær skotnar fyrir augum nágrannanna. Systir þeirra dó þrem dögum síðar.

Li Kum Sun, 38 ára gömul bóndakona, meðlimur kvennasamtakanna, til heimilis að Sedon-Ri í Wonsan, sagði fulltrúunum frá því, að hún hefði verið tekin föst ásamt mánaðargömlu barni sínu, þ. 25. okt. 1950. Það var farið með hana í Kal Ma Ri-neðanjarðarfangelsið í Wonsan. Á hverju kvöldi var hún tekin til yfirheyrslu og barin um leið. Hún var látin laus þ. 10. nóv. og fimm dögum síðar dó barnið hennar. Maður hennar var handtekinn þ. 20. nóv. Í sjö daga var hann píndur til sagna og síðan fluttur á brott. Éftir að borgin hafði verið frelsuð úr höndum óvinanna, fann Li Kum Sun líkið af manni sínum í dal nokkrum nálægt Chong-Chen Ri í Se-Won-héraði í An-Pyen-fylki.

Á árbakkanum lágu 39 lík, hendur allra bundnar á bak aftur og byssukúlu gegnum vinstra augað.

Þessi kafli var undirritaður af öllum fulltrúum sendinefndarinnar, sem heimsótti Norður Kanwon-héraðið þ. 26. maí 1951.

SJÖTTI KAFLI

Þessir meðlimi nefndarinnar heimsóttu nyrstu héruð Kóreu: **Hilde Chan,** Austurþýzka lýðveldið. **Lily Wächter,** Vestur-Þýzkalandi. **Bai Lang,** Kína, **Trees Soenito Heyligers,** Hollandi.

Leiðin, sem farin var: **frá Phyongyang til Kaichen, þaðan til Hichen, Kangge, Mampo og aftur til Phyongyang.**

Á leiðinni frá **Phyongyang** til **Kaichen sáu fulltrúarnir** fjórar smáborgir, sem voru jafnaðar við jörð, einnig fjölda þorpa og bændabýla. Á áðurnefndri hringferð, sáu fulltrúarnir ekki eina einustu borg, sem ekki var meira og minna skemmd, flestar gereyddar, örfá þorp höfðu sloppið við eyðileggingu.

Fulltrúarnir sáu sex skógarelda og voru tveir þeirra kveiktir að þeim ásjáandi, annar á milli Phyongyang og Kaichen, en hinn á milli Hichen og Kaichen. Í bæði skiptin heyrðist í flugvél, augnabliki síðar sást bjarma slá á loftið og samstundis blasti við augum þeirra logatungur, sem mögnuðust óðfluga og breiddust út. Sást greinilega logandi trjálimið. Á þessari ferð sáu fulltrúarnir fjölda landsvæða, sem áður höfðu verið skógi vaxnar fjallshlíðar, en blöstu nú við augum þeirra, svört og sviðin eftir skógareldana.

Héraðið Kaichen nær yfir Kaichen-borg og 5 þorp. Héraðið er í norðurhluta **Phyongyang Nam-Do-fylkis.** Formaður héraðsstjórnarinnar. **Kim Beng Ho,** gaf fulltrúunum eftirfarandi upplýsingar:

Kaichen var hernumin þ. 21. okt. 1950 af 26. og 27. herfylki Bandaríkjahersins ásamt liðstyrk frá öðrum þátttökuríkjunum. Kim Beng Ho tók sérstaklega eftir, enskum, áströlskum, kanadiskum og tyrkneskum hersveitum, einnig nokkur hundruð úr Syngman Rhee-liðsveitunum, samtals um 80—90 þúsund manns. Hernámið stóð í 40 daga. Í Kaichen-héraði er varla nokkur einn einasti bær eða býli, sem ekki hefur orðið fyrir eyðileggingu.

Í héraðinu voru 13 þúsund hús, af þeim voru meira en 6500 jöfnuð við jörðu og þau, sem eftir standa, eru öll meira og minna skemmd. Flest húsanna voru eyðilögð með sprengjuárásum, önnur brenndu hersveitirnar til ösku, er þær neyddust til að hörfa úr héraðinu.

Búpeningur héraðsins var í júní 1950, 7600 uxar og kýr, 7800

svín og 100 þúsund hænsni. Þegar herliðið fór, var eftir af þessum gripum: 220 uxar og kýr, 300 svín og 100 hænsni.

Kim Beng Ho tók það fram, að þrátt fyrir það, hve héraðið var rúið dráttaruxunum og þar að auki flestir vinnnufærir karlmenn á vígstöðvunum, þá luku konurnar samt vorsáningunni þrem vikum fyrr en áætlað var.

Áður en Kaichen var eyðilögð, voru þar: einn menntaskóli, sex gagnfræðaskólar, 31 barnaskóli, bókasafn, leikhús og 13 sjúkrahús. Allar þessar byggingar eru nú í rústum. Vegna stöðugra loftárása á borgina, er ógerlegt að vinna að uppbyggingu eða nokkrum viðgerðum á húsunum.

Héraðsbúar voru um 80 þúsund, þar af 80% bændur. Nú er íbúatalan um 60 þúsund manns dreifðir víðsvegar um héraðið. Ameríkumenn drápu 1342 menn með því að skjóta, brenna eða berja þá til bana. Eftir því, sem næst verður komizt, var 860 konum nauðgað, — en fjöldi kvenna blygðast sín fyrir að segja frá því. Fulltrúarnir spurðu **Kim Beng Ho** hvort hann væri viss um, að þessir glæpir hefðu verið framdir af amerískum hermönnum? Hann svaraði: Já, hann væri algerlega viss um að þar hefðu ameríska hermenn verið að verki og engir aðrir.

Hann sagði okkur þessa sögu sem dæmi um framkomu hermannanna:

Meðan á hernáminu stóð, var ég foringi skæruliðasveitar. Einn af félögum mínum var **Kim Ke Sun,** 31 árs gamall, velþekktur vegna sinna miklu skipulagshæfileika. Hann missti alla fjölskyldu sína, Kona hans, **Ree Whak Sil** var vanfær. Hún var tekin til fanga af Ameríkumönnum og spurð í þaula um dvalarstað manns síns. Þegar hún neitaði að gefa nokkrar upplýsingar um hann, skáru þeir af henni vinstri handlegg og hægri fót, síðan ristu þeir hana á hol og tóku fóstrið. Þegar hún var dáin, voru börnin þeirra fjögur lokuð inni í húsinu og brennd þar lifandi. Þegar Kim Ke Sun kom aftur til þorpsins fann hann líkin en nágrannar hans sögðu honum frá því hvernig dauða þeirra bar að.

Ree Djin Hyeng, Ma Dyan Ri-götu, Kaichenborg, gaf nefndinni þessar uplýsingar: Yngri systir hennar var stjórnarmiðlimur í félagssamtökum lýðræðissinnaðra kvenna í héraðinu. Héraðsstjórnin hafði sæmt hana heiðursmerki fyrir frábært starf í þágu landbúnaðarins. Þegar fréttist til amerísku hersveitanna, skoraði **Ree** á systur sína að flýja með sér, en hún neitaði, því hún taldi það embættisskyldu sína, að vera kyr á staðnum.

Ree fór þá ein með börn þeirra beggja. Þegar ekkert fréttist af systur hennar, fór hún aftur inn í borgina til þess að vita, hvað hefði komið fyrir hana, með henni var átta ára sonur systur hennar. Hún fann systur sína, þar sem hún stóð bundin við staur allsnakin, umkringd amerískum hermönnum, sem börðu hana og spurðu um mann hennar og kröfðust upplýsinga um félagssam-

tökin, sem hún veitti forstöðu. Þegar hún svaraði þeim engu, píndu þeir hana með rafstraum. Þegar drengurinn sá þannig farið með móður sína, henti hann sér á hermennina í reiðikasti og áður en Ree gæti hindrað það, hann var skotinn samstundis. Móðir hans var pínd við staurinn í nokkra daga og íbúarnir neyddir til þess að horfa á aðfarirnar, að lokum skutu þeir hana.

Ree Djin Hyeng var einnig tekin höndum, en hún gat leynt skyldleikanum við systur sína og með því bjargað lífinu. Ree sagði ennfremur, að hún hefði séð mörg fleiri hryðjuverk, þetta væri aðeins eitt af mörgum. Hún staðfesti einnig, að ameríkumenn tóku ungar stúlkur og eiginkonur og fluttu þær í jeppum til hinna illræmdu bækistöðva sinna. **Ree** og fleiri ungar konur, komust undan þeim örlögum með því, að ata andlit sitt ösku og klæðast eins og gamlar bændakonur.

Kaichen er því sem næst gereydd borg. Er fulltrúarnir fóru um borgina blasti allstaðar við þeim eyðileggingin. Á einum stað sáu þær rústirnar af sjúkrahúsi. Þakið hékk enn uppi og var greinilega markað á það merki Rauða krossins. Formaður kvennasamtakanna í borginni skýrði fulltrúunum frá því, að í einu smáhverfi borgarinnar, sem var jafnað við jörðu í sprengjuárás, hefðu 500 manns farist.

Hópur kvenna og barna þyrptust umhverfis fulltrúana og grátbáðu þá um að hlusta á frásagnir sínar. Sumar konurnar voru svo ákafar, að þær gripu í hendur fulltrúanna eða föt þeirra. Vegna þess, hversu tíminn var naumur, var ekki hægt að hlusta á nema lítinn hluta þessa fólks, en eftirfarandi nöfn og atriði skráðu nefndarkonurnar hjá sér.

Cha Yu Suk, öldruð kona: Sonur hennar, liðsmaður í alþýðuhernum, var heima hjá henni vegna þess, að hann hafði særst í orustu. Hann var klæddur einkennisbúningi hersins. Þegar ameríski herinn kom, var ráðizt inn til hennar og hann skotinn fyrir augum hennar.

Kim I Suk: Maður hennar, sem var leiðtogi bændasambandsins, var tekinn og drepinn, hún flúði með barnið sitt á bakinu. Amerísku hermennirnir náðu henni, þrifu barnið af baki hennar, fleygðu því á jörðina og tröðkuðu í hel.

O In Bun: Ameríkskir hermenn nauðguðu dóttur hennar, Kim Yung Dju, 22 ára og drekktu henni á eftir.

Rhe Sun Sil, ung kona: Henni var haldið innilokaðri í tólf daga. fötin voru tekin af henni og hún höfð í herbergi með fjölda ameríkskra hermanna.

Kil Ryoung Nye, 20 ára gömul, til heimilis í **Kaichen, Buk-Bu-myen:** Bróðir hennar og mágkona voru drepin af amerískum hermönnum.

Hong Yung Bok, 37 ára gömul. Hyen-Ryong-Ri-götu, Kaichen: Maður hennar var skotinn.

Kim Ryong Sil, 34 ára, Ryang-hen-Ri-götu 472, Kaichen: Sonur hennar var drepinn.

Rim Un Dju, 30 ára, Shung Hung Ri-götu 57, Kaichen: Bróðir hennar var drepinn af Ameríkumönnum.

Choy Sen Cho, 34 ára, Sen-Po Ri, Kaichen Myen: Eiginmaður hennar var skotinn af Ameríkumönnum.

Þegar fulltrúarnir höfðu lokið ferð sinni um Kaichen, en hún má heita gereydd borg, því þar standa aðeins örfá hús eftir, var farið út í héraðið og heimsótt þar munaðarleysingjahæli. Þar voru 48 börn, sem hafði verið bjargað úr rústum Kaichen. Þarna var lítill drengur, sem orðið hafði heyrnarlaus og mállaus í einni loftárásinni. Nafn hans eða ættingja veit enginn um. Í Kaichen hittu fulltrúarnir **Ree Sen Sil,** formann sambands lýðræðissinnaðra kvenna í þorpi einu skammt fyrir norðan Kaichen. Hún skýrði frá því, að einn daginn hafi amerísk flugvél steypt sér yfir akurinn, þar sem þrír menn voru að vinna með uxunum sínum. Það var skotið af vélbyssum flugvélarinnar og tveir mannanna drepnir, báðir uxarnir og þriðji maðurinn særðist hættulega.

Borgin **Kangge** er í **Tza-Kangdo-fylki.** Hr. **Ree Chow Sen,** forseti héraðsráðsins gaf nefndinni þessar upplýsingar:

Þetta nyrsta hérað Kóreu er strjálbyggt og flestir íbúanna bændur. Í héraðinu er enginn mikilvægur iðnaður. Óvinirnir hernámu aðeins nokkurn hluta héraðsins. Héraðsstjórnin gerir allt sem í hennar valdi stendur, til hjálpar flóttafólkinu, en það er mikið vandamál, hvernig hægt verður að sjá öllu þessu fólki fyrir fæði og húsnæði. Fólkið, sem flúði norður á bóginn, lá undir stöðugum loftárásum Ameríkumanna, sem skutu af vélbyssum flugvélanna á flýandi fólkið. Einnig drápu þeir á sama hátt uxana og nautpeninginn, bæði á ökrunum og á vegunum.

Í Kangge voru um 40 þúsund íbúar. Þar voru tveir kennaraskólar, einn skógræktarskóli, menntaskóli, tveir gagnfræðaskólar, fjórir barnaskólar og tvö leikhús. Af þessum framangreindu menntastofnunum er aðeins ein uppistandandi, gagnfræðaskóli fyrir drengi. Bæjarsjúkrahúsið var eyðilagt þrátt fyrir rauða krossinn á þakinu.

Einnig voru í borginni tvær kirkjur mótmælenda, ein rómversk-

kaþólsk, Konfúsíusar musteri og Chen-do kirkjan. Þessar kirkjur voru allar eyðilagðar. Kristnu söfnuðirnir leituðu skjóls í kirkjum sínum og í grennd við þær, í þeirri trú, að Ameríkumenn myndu hlífa þessum byggingum.

Amerísku sprengjuflugvélarnar gerðu ekki einungis árás á borgina Knagge, heldur leituðu þær uppi minnstu bændabýlin í fjöllunum og brennd þau til ösku.

Ein mesta loftárásin á Kangge var gerð þ. 13. des. 1950. Sprengjurnar, sem flugvélarnar vörpuðu á borgina, voru að mestu leyti íkveikjusprengjur og svo tímasprengjur, sem sprungu á mismunandi tímalengd, sumar ekki fyrr en eftir tuttugu daga. Þessi loftárás lagði borgina í rústir.

Í byrjun febrúar 1951 var gerð loftárás á borgarrústirnar. Nú var eingöngu varpað niður tímasprengjum, svo íbúarnir þorðu ekki annað en yfirgefa borgina í næstu tuttugu daga.

Fulltrúarnir fengu þær upplýsingar, að það eina, sem gat haft nokkra hernaðarlega þýðingu í þessu héraði voru járnbrautakerfið og járnbrautarstöðin. Þetta var hvorttveggja eyðilagt 9. okt. 1950. Meðlimir nefndarinnar komu í rústirnar í Kangge. Þeir hittu þar skurðlækninn, **Dr. Baik Ki Dje.** Hann sagði svo frá: Áður en amerísku sprengjuflugvélarnar vörpuðu sprengjum sínum á sjúkrahúsið, lækkuðu þær flugið og skutu af vélbyssum á Rauða krossmerkið á þaki hússins.

Eftir loftárásirnar þ. 12. des. 1950 annaðist Dr. Baik Ki Dje einsamall rúmlega hundrað særðra manna. Eftir loftárásina í febrúar 1951, var hann sjálfur vitni að því, að meira en tvö hundruð mann misstu lífið af völdum árásarinnar. Dr. Baik sagði ennfremur, að hann hefði séð amerískar sprengjuflugvélar varpa sprengjum á bændabýli. Hann nefndi sem dæmi, er varpað var sprengjum á býli Pak Hoo Ryong, en þar létu tíu manns lífið.

Fulltrúarnir spurðu Dr. Baik, hvernig stjórninni tækist að koma í veg fyrir drepsóttir. Svarið var: Með víðtækum bólusetningum og í öðru lagi með lyfjum, sem keypt hafa verið fyrir gjafir frá fólki víðsvegar um heiminn, fólki, sem er vinveitt kóreönsku þjóðinni og hefur lagt sitt af mörkum henni til hjálpar.

Í Kangge hittum við þrjár bændakonur, sem höfðu frétt af ferð okkar og komu til þess að þakka okkur. Ein þeirra sagði: „Ég missti eiginmann minn og tvö af fjórum börnum mínum í loftárás. Ég ætla að hefna þeirra með því, að gera allt sem ég get til þess, að alþýðuherinn okkar geti fengið það, sem hann þarfnast til þess að geta rekið Ameríkumennina burt úr Kóreu. Þá munum við öðlast frið".

Mampu er borg á landamærum Kóreu og Kína.

Lee, formaður bæjarráðsins, gaf nefndinni þessar upplýsingar: Fyrir stríð voru 12700 íbúar í borginni. Iðnaðurinn er einungis

ýmsir munir úr tré og vefnaðarvara. Borgin varð fyrir tveimur stórum loftárásum. Sú fyrri var gerð þ. 12. nóv. 1950. Fulltrúarnir gengu um borgarrústirnar og sáu, að þar var óvenjulega mikið af brotum úr íkveikjusprengjum, sem lágu þar á víð og dreif. Í þessari árás var borgin í raun og veru gereydd. Seinni loftárásin var gerð þ. 7. des 1950. Þá var ráðizt á þessar borgarleifar með sprengjukasti og létust þá 350 manns, sem dregið höfðu fram lífið í holum og gjótum rústanna. Fulltrúarnir sáu einn sprengjugíg, sem var rúmir 7 metrar á dýpt.

Í Mampo voru margar menntastofnanir og sáu meðlimirnir meðal annars rústirnar af stórum barnaskóla, og leikhúsi innan um gjallhaugana.

Hér, eins og víða annarsstaðar í eyðilögðum borgum, hafði fólkið leitað skjóls og dvalarstaðar í holum og gjótum rústanna, fulltrúarnir komu í eitt slíkt heimili, það var koldimmt skot í kjallararústum. Þarna voru tvö smábörn, það yngra aðeins tveggja ára. Bróðir þeirra, þrettán ára gamall ól önn fyrir þeim. Með því að spyrja nágranna þessara drengja, fengu meðlimirnir þær upplýsingar um börnin, að faðirinn væri járnbrautarverkamaður, en móðir þeirra var drepin í loftárásinni þ. 7. des. 1950. **Hr. Lee** fullvissaði nefndarmeðlimina um það, að bæjarstjórnin gerði allt sem hún gæti til þess að bjarga fyrst af öllu þeim börnum sem enga ættu að í lífinu og enginn gæti tekið í sína umsjá.

Þessi kafli var undirritaður af öllum meðlimum nefndarinnar, sem ferðaðist um Kaichen, Hichen, Kangge og Mampo þ. 27. maí 1951.

NIÐURSTÖÐUR

Eftir að nefndin hafði gert rannsóknir sínar, víðsvegar um Kóreu hefur hún orðið sammála um eftirfarandi niðurstöður:

Íbúar Kóreu eru af hernámsliði Bandaríkjamanna ofurseldir miskunnarleysi og skipulögðum eyðileggingarherferðum, sem ekki aðeins eru andstæðar allri mannúð, heldur einnig öllum hernaðarháttum og reglum um stríðsaðferðir eins og þær hafa verið samþykktar á ráðstefnum í Haag og Genf. Hernaðurinn hefur verið háður á þennan hátt:

a. **Með skipulagðri eyðileggingu á: matvælum, matvælabirgðum, matvælaverksmiðjum, skógum, ávaxtagróðri og ökrum, sem og fullþroskaðri uppskeru, er kveikt var í með íkveikjusprengjum. Einnig var ráðizt á bændur, sem unnu á ökrum með uxum sínum og þeir drepnir með vélbyssuskothríð frá lágfleygum flugvélum.**

Með þessum aðgerðum er öll kóreanska þjóðin dæmd til hungursneyðar.

b. **Með skipulagðri eyðingu á borg eftir borg og bæ eftir bæ, sem flestar eru þannig, að óhugsanlegt er, að þær hafi nokkra hernaðarlega þýðingu og ekki einu sinni sem iðnaðarstöðvar. Tilgangur þessarar eyðileggingar er augljóslega sá, að brjóta kóreönsku þjóðina á bak aftur, bæði andlega og líkamlega. Í hinum látlausu loftárásum, eru íbúðarhús, sjúkrahús, skólar o. s. frv. markvisst eyðilögð. Jafnvel bæir, sem fyrir löngu eru ekki annað en öskuhrúgur, en íbúarnir, sem af komust búa í holum og gjótum rústanna, þessir bæir eru enn skotspónn sprengjuflugvélanna.**

c. **Með fyrirfram skipulagningu á notkun þeirra vopna, gegn hinum friðsömu íbúum, sem bönnuð eru samkvæmt alþjóða samningum. Þessi vopn eru t.d. íkveikjusprenkjur, olíusprengjur, napalmsprengjur, tímasprengjur og með stöðugri vélbyssuskothríð á fólkið úr lágfleygum flugvélum.**

d. Með svívirðilegri útrýmingu kóreönsku þjóðarinnar. Í landshlutum, sem voru um stundarsakir hernumdir af Bandaríkjamönnum og her Syngman Rhee, voru hundruð þúsunda íbúa, heilar fjölskyldur, frá gömlu fólki niður í smábörn, pyntuð, barðar til bana, brenndar og grafnar lifandi. Þúsundir annarra hafa farizt af hungri og kulda í yfirfylltum fangelsum, sem þeir voru settir í án nokkurrar ákæru, án rannsóknar, yfirheyrslu eða dóms.

Þessi múgmorð og pyntingar taka fram glæpum þeim, sem Hitlersnazistarnir frömdu meðan á hernámi þeirra stóð í Evrópu.

Vitnisburður allra borgara benti til þess, að næstum allir þessir glæpir voru annaðhvort framdir af amerískum hermönnum og yfirmönnum, eða samkvæmt skipunum amerískra herforingja. Þar af leiðandi fellur höfuðábyrgðin á þessum hryðjuverkum á æðstu herráð Bandaríkjanna í Kóreu, þ. e. General Mac Arthur, General Ridgeway og aðra yfirhershöfðingja innrásarhersins, sem kallast, Her Sameinuðu þjóðanna.

Þótt hryðjuverkin hafi verið framin samkvæmt fyrirskipunum hershöfðingja á vígstöðvunum, þá hlýtur fyllsta ábyrgð þessara verka að falla á þær stjórnir, sem sent hafa hersveitir til Kóreu og greitt hafa atkvæði með stríði gegn Kóreu á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Nefndin lýsir yfir þeirri skoðun sinni, að þeir menn, sem ábyrgir eru fyrir glæpum þeim, sem framdir eru gegn kóreönsku þjóðinni, skuli ákærðir fyrir stríðsglæpi, svo sem kveðið er á um í Yfislýsingu Bandamanna 1943 og skuli dregnir fyrir alþjóðarétt, svo sem ákveðið er í sömu yfirlýsingu.

Nefndin skorar á allar þjóðir heimsins að hvetja til þess, í nafni mannúðarinnar, að hernaðaraðgerðir verði stöðvaðar í Kóreu og erlendur her verði fluttur á brott úr landinu.

Nefndin vill einnig hvetja allar þjóðir heims til þess, að skipuleggja hjálp til handa kóreönsku þjóðinni, sem nú er ógnað með hungursneyð og sjúkdómum, en hvorttveggja er afleiðing þeirra glæpsamlegu hryðjuverka er amerískir innrásarherir hafa framið í Kóreu.

Nefndin biður Alþjóðasamband lýðræðissinnaðra kvenna, að senda framanritaða skýrslu til allra stjórna í heimi, til allra kvenfélagasambanda í heiminum, án tillits hvort þau eru í Sambandi lýðræðissinnaðra kvenna eða ekki. Einnig til Heimsfriðarnefndarinnar, til allra félagssamtaka, sem berjast fyrir friði, til allra mannúðarfélaga og forustumanna almennings, án tillits til stjórnmála eða trúarskoðana, til allra þeirra, sem unna friði.

Nefndin biður W.I.D.F. um að þessi **„Skýrsla Alþjóðanefndar**

kvenna til rannsóknar á hryðjuverkum er hersveitir Bandaríkjamanna og Syngman Rhee hafa framið í Kóreu", verði send til Sameinuðu þjóðanna.

Skýrslan var samin á fimm tungumálum: **ensku, frönsku, rússnesku, kínversku og kóreysku.**

Formaður nefndarinnar: **Nora K. Rodd,** Kanada.
Varaformenn nefndarinnar: **Liu Ching-yang,** Kína og
Ida Bachmann, Danmörk.
Ritarar: **Miluse Svatosova,** Tékkóslóvakíu.
Trees Soenito Heyligers, Hollandi.

Aðrir nefndarmeðlimir:
Monica Felton, Englandi. **María Ovsyannikova,** Ráðstjórnarríkjunum. **Bai Lang,** Kína. **Li Keng,** Kína. **Gilette Ziegler,** Frakklandi. **Elisabetta Gallo,** Ítalíu. **Eva Priester,** Austurríki. **Hilde Cahn,** Austur-þýzka lýðveldinu. **Lilly Wächter,** Vestur-Þýzkalandi. **Dr. Germaine Hannevard,** Belgíu. **Li thi Qué,** Viet-Nam. **Ganelaria Rodriguez,** Kúbu. **Leonor Aguiar Vazquez,** Argentínu. **Fatma ben Sliman,** Túnis. **Abassia Fodil,** Alsír.

PRENTSMIÐJA ÞJÓÐVILJANS H·F


Wangching
Yenki
Lungchingtsun
Onjo
Hunchun
Holung
Antu
Fusung
Mengkiang
Tsingyuan
Linkiang
Changpai
Kwenbaroi
6,336
Ranan
Seishin
Kyojo
Rashin
Yuki
Tumen
Mosan
Szepingkai
Tunghwa
Hwenien
Tsiahe
Kokai
Kosan
Kersanchin
Gosono
Meisen
Kisshu
Joshin
Tansen
Hokusei
Kogen
Kankoo
Hakusan
2,746
Myohsuan
6,283
Rokin-sammyaku
Kaisen
Hakusen
Eiko
Higashi
Chosen Wan
Nishi
Chosen
Wan
Heijo (Pyengyang)
Gen-San
(Wonsan)
Tsusen
Kojo
Kongosan
6,905
Fukushusan
Shorin
Shinsen
Heisan
Tetsugen
Joyo
Shusen
Keijo (Seoul)
Kosen
Koryo
Samshoku
Utsuryo To
Suigen
Ganshu
Chushu
Chikuhen
Teihakusan
Shukitsusan
Seishu
Anto
Nankai
Shoshu
Taiden
Kunsen
Gunsan
(Kunsan)
Rin
Mosyu
Hoko
Taikyu
Zenshu
Kyosho
Keishu
Urusan
Sanyoshin
Junkai
Torai
Fusan
Kyosai
To
Chosen Kaikyo
Tatsuo
Kokujo
Shitsan
Masan
Shinshu
Moppo
Junten
Hojo
Reisui
Yellow Sea
Masuda